

## AUSTURLAND


Stöðugreining 2014





23.02.15

Ritstjórn: Árni Ragnarsson. Aðrir höfundar efnis:  
Einar Örn Hreinsson, Guðmundur Guðmundsson, Kristján Þ. Halldórsson,  
Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir,  
Sigurður Árnason, Snorri Björn Sigurðsson.



## Austurland. Stöðugreining 2014

### Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
1. Austurland, staðhættir og sérkenni.....	6
1.1 Sérstaða.....	6
1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög.....	7
1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun .....	9
1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi .....	9
1.5 Brothættar byggðir.....	11
1.6 Jafnrétti .....	13
1.7 Búferlaflutningar .....	14
2. Menntun.....	15
2.1 Skipting íbúa eftir menntun.....	15
2.2. Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar .....	15
2.3 Starfajöldi á þekkingarsetrum.....	16
3. Efnahagsþróun.....	18
3.1 Tekjur.....	18
3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþáttaka .....	19
3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur.....	20
3.4 Fasteignaverð .....	22

4. Samgöngur.....	23
4.1 Vegir, hafnir, flugvellir .....	23
4.2 Almenningsamgöngur.....	24
4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða .....	25
4.4 Gagnaflutningar.....	25
5. Opinber þjónusta.....	26
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla .....	26
5.2 Löggæsla og sýslumaður.....	26
5.3 Héraðsdómur.....	27
5.4 Rafveita og húshitun.....	27
5.5 Opinber störf .....	28
6. Önnur þjónusta.....	30
6.1 Verslun.....	30
6.2 Ýmis þjónusta .....	30
6.3 Ferðaþjónusta.....	31
7. Iðnaður .....	32
7.1 Landbúnaðarafurðir.....	32
8 Frumvinnsla .....	33
8.1 Landbúnaður .....	33
8.2 Fiskveiðar .....	37
8.3 Fiskeldi.....	45
9 Stoðkerfi .....	46
9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar .....	46
9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra .....	47
9.3 Sóknaráætlun 2013 .....	47
9.4 Þekkingarsetur.....	48
10 Verkefna- og menningarsamningar.....	49
10.1 Vaxtarsamningur .....	49
10.2 Menningarsamningur .....	49
11 Fjölþjóðlegt samstarf.....	52
11.2 NPP, Norðurslóðaáætlunin.....	52
Viðaukar .....	53
Viðauki 1: Verkefnaskrá vaxtarsamnings 2012-2013 .....	53
Viðauki 2: Verkefnaskrá menningarsamnings 2012-2013.....	53



## Inngangur

Stöðugreining landshluta 2014 er uppfærsla á Stöðugreiningu 2012 með nokkrum viðbótum. Áhersla er á það lögð að landshlutasamtök sveitarfélaga gangist fyrir mótun sóknaráætlana fyrir landshlutana með framtíðarsýn og áherslum til lengri tíma. Þá er áhersla á samþættingu áætlana og hliðsjón af áætlunum ríkisins. Því þótti mikilvægt með stöðugreiningu nú að ná yfirsýn yfir hina mörgu sameiginlegu starfsþætti innan landshlutans, innviði hans og atvinnuvegi eftir því sem kostur er. Leitast er við að setja efni fram á myndrænan hátt og stytta texta þannig að yfirsýn fái stjórn og síðan að tengja efnið við bakgrunnsgögn fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur. Mikilvægt er að Stöðugreining 2014 er uppflettirit, samantekt, aðgengileg á heimasíðu Bygðastofnunar, með öllum þeim tenglum við bakgrunnsgögn sem í því er að finna. Það verður ekki gefið út á pappír.

Sumir kaflar ritsins eru ekki uppfærðir frá 2012 vegna þess að ólíklegt þótti að breytingar væru merkjanlegar á svo stuttu tímabili. Þar sem um rafræna útgáfu er að ræða er möguleiki á að uppfæra einstaka kafla og það verður gert ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Á Bygðastofnun er unnið að rafrænum gagnagrunni um byggðamál þar sem gögn verða uppfærð og gerð aðgengileg á netinu. Uppfærsla einstakra kafla stöðugreininga tengist þeirri vinnu.

Þess er vænst að þessi samantekt gagnist landshlutunum við stefnumótun, öðrum sem láta sig þau mál varða og almenna byggðaðróun í landinu, á lands- og landshlutavísu og sveitarstjórnarstigi.

Árni Ragnarsson.

# 1. Austurland, staðhættir og sérkenni

## 1.1 Sérstaða

Svæði sóknaráætlunar Austurlands nær yfir 15.792 km<sup>2</sup>, þar af eru 3.165 km<sup>2</sup> eða aðeins 20,0% undir 200 m y.s. Austurland afmarkast að norðan og vestan af hreppamörkum Langanesbyggðar og Norðurlþings á Norðausturlandi og Vopnafjarðar á Sandvíkurheiði og Haugsöræfum og Skútustaða-hrepps og Fljótsdalshéraðs um Jökulsá á Fjöllum suður að upptökum og upp á Vatnajökul.

Að sunnan afmarkast landshlutinn á Vatnajökli af mörkum Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps og Djúpvogshrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar á Suðurlandi og af mörkunum Djúpvogshrepps og Hornafjarðar til sjávar við Krossanesfjall.


Svæðið er samfallandi með starfssvæði samtaka sveitarfélaga á Austurlandi, SSA, með aðild allra 8 sveitarfélaga með 10.357 íbúa 1. janúar 2014, 3,2% landsmanna sem er óbreyttur hluti frá 1. janúar 2012.

Austurland er fjölbreytt að náttúruferri og landslagi með djúpa firði, brött fjöll og jökla og hálendisheiðar á þeim hluta miðhálandis Íslands sem er innan marka þess. Í landshlutanum eru sérstök náttúrusvæði, bæði vegna jarðfræði og lífríkis, en jarðhiti er óviða á láglendi en aflmiklar ár sem að hluta hafa verið virkjaðar.

Friðlönd eru nokkur og skrá yfir vernduð svæði á Austurlandi og svæði á náttúruminjasrá er að finna í stöðuskýrslu sem unnin var fyrir þjóðfund á Austurlandi 2010.<sup>1</sup> (20/20 Sóknaráætlun. Stöðuskýrsla Austursvæðis. Töluleg samantekt. Febrúar 2010.) Í skýrslunni er líka að finna yfirlit yfir auð- og orkulindir.

Með skýrslu verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða frá 2011 fylgja kort þar sem merktir eru inn verndar- og nýtingarstaðir að tillögu verkefnisstjórnarinnar.<sup>2</sup>

Mynd 1.1.1 Landshlutasamtök og sveitarfélög 2012



Mynd 1.1.2 Virkjanakostir og vernduð svæði 2011

Korthluti verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða 2011



<sup>1</sup> <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/island/soknaraetlanir-fyrir-svaedi/landshlutasak-austursv.pdf>

<sup>2</sup> [www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Kort-ur-skyrslu.pdf](http://www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Kort-ur-skyrslu.pdf)


## 1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög

Austurlandi er stundum skipt og Mið-Austurland þá sérstakt svæði með öllum stóru þéttbýlisstöðunum í landshlutanum. Innan Mið-Austurlands eru þó fjallvegir og samgöngur milli þéttbýlisstaða viðsjálar á vetrum ekki síður en við þéttbýlisstaði utan Mið-Austurlands sem hvorki eru margir né fjölmennir. Samgöngur hafa þó batnað, samgangur og samstarf aukist

og vinnusóknarsvæði stækkað með álverinu í Reyðarfirði. Vegna álversins hefur byggðapróun á Austurlandi verið með sérstökum hætti í samanburði við aðra landshluta.


Fjarðabyggð er langfjölmennasta sveitarfélagið eftir sameiningar margra sveitarfélaga. Á Egilsstöðum hefur íbúum fjölgað mest síðustu ár, líka eftir að álver hóf starfsemi á Reyðarfirði. Á Egilsstöðum er áætluð flugvöllur sem er varaflugvöllur fyrir millilandaflugvöllinn í Keflavík og ferjuhöfn á Seyðisfirði fyrir siglingar milli Íslands og Evrópu. Þungamiðja Austurlands er á Mið-Austurlandi, með umferðarmiðstöðvar, mörg störf í þjónustu, bæði á vegum ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja og öfluga útgerðarbæi.

Mynd 1.2.1



### Mynd 1.2.2 Skipting mannfjöldans á Austurlandi 2012

Heimild: Hagstofa Íslands




### Mynd 1.2.3 Landstærð og íbúafjöldi sveitarfélaga og svæðishluta 2012

Heimild: Hagstofa Íslands og LMÍ

	ferkilómetrar	karlar 11. 2012	konur 11. 2012	íbúar pr. km <sup>2</sup>
Seyðisfjarðarkaupst	214	354	323	3,2
Fjarðabyggð	1.170	2468	2132	3,9
Vopnafjarðarhreppur	1.913	351	319	0,4
Fljótsdalshreppur	1.529	50	28	0,1
Borgarfjarðarhreppur	444	76	53	0,3
Breiðdalshreppur	452	103	87	0,4
Djúpavogshreppur	1.153	243	218	0,4
Fljótsdalshérað	8.917	1745	1663	0,4
Samtals	15.792	10.213		0,6


### Mynd 1.2.4 Íbúafjöldi á Austurlandi á ferkílómetra 2012

Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ



### Mynd 1.2.5 Íbúafjöldi landshluta á ferkílómetra 2012

Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ



Athygliverð sveifla varð í fjölda íbúa á Austurlandi 2007, tengd stórframkvæmdum þar, og þá hvernig fjöldi eftir kyni kom fram þar og á Fljótshéraði og Fjarðabyggð.

Aðstæður fólks, sókn eftir þjónustu, vinnu og verslun ráðast að nokkru af vegalengdum og ferðatíma. Sama má segja um forsendur til rekstrar fyrirtækja. Þannig hefur þéttleiki byggðar áhrif á búsetuskilyrði. Miðað við þetta byggð á höfuðborgarsvæðinu eru aðrir landshlutar strjálbýlir og á Austurlandi reiknast aðeins


0,6 íbúi á hvern ferkílómetra að meðaltali enda liggur aðeins 20% svæðisins undir 200 m y.s. Í því ljósi sýna tölur um þéttleika byggðar þá helst misskiptingu landrýmis milli sveitarfélaga í landshlutanum. Íbúafjöldi svæða og þéttleiki byggðar eru kvarðar sem auðvelt er að fylgjast með. Þeir byggjast á mannfjöldatölum Hagstofu Íslands ár hvert og landstærðum sem Landmælingar Íslands hafa reiknað. Skipting íbúafjöldans eftir kynjum er kvarði sem er mikilvægur og aðgengilegur í gögnum Hagstofu Íslands og uppfærast þar á hverju ári.

### Mynd 1.2.6 Íbúafjöldi sveitarfélaga á Austurlandi 1998-2012


Heimild: Hagstofa Íslands

Sveitarfélag	1998		2002		2007		2012	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Seyðisfjörður	397	405	394	381	369	357	354	323
Fjarðabyggð	2.264	2.105	2.061	1.926	3.648	2.065	2.468	2.132
Vopnafjarðarhreppur	439	413	383	360	370	342	351	319
Fljótshreppur	59	41	51	31	475	51	50	28
Borgarfjarðarhreppur	87	65	85	65	85	63	76	53
Breiðdalshreppur	158	144	145	126	134	112	103	87
Djúpavogshreppur	284	256	278	244	246	215	243	218
Fljótshérað	1.448	1.381	1.419	1.376	2.971	1.682	1.745	1.663
Samtals	5.136	4.810	4.816	4.509	8.298	4.887	5.390	4.823
Austurland	9.946		9.325		13.185		10.213	

### Mynd 1.2.7 Íbúafjöldi í Fjarðabyggð 1998-2014






### Mynd 1.2.8 Íbúafjöldi á Fljótshéraði 1998-2014





### 1.3 Íbúar. Mannfjöldapróun


Þann 1. janúar 2014 bjuggu 10.357 manns á Austurlandi, þar af 9.044 í þéttbýli, eða 84,1%. Íbúum hafði þá fjölgað um 871 frá 1998 eða um 5,0%. Þá bjuggu um 80,6% íbúanna í þéttbýli. Hluttur Austurlands af þjóðinni hefur farið minnkandi á þessu tímabili þó með talsverðum vaxtarkipp 2005-2010 og stærri hlut eftir það en áður.



Hluttur erlendra ríkisborgara síðustu ár helst nokkuð jafn í landshlutanum, milli 7 og 8% og þá yfir landsmeðaltali, 6,5%. Í skýrslu Bygðastofnunar frá júní 2011 er leitast við að varpa ljósi á mikilvægi erlendra ríkisborgara fyrir íslenskt efnahagslíf.<sup>3</sup>

### 1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi

Á Austurlandi eru fjórir bæir með yfir eitt þúsund íbúa, Egilsstaðir fjölmennastur með 2.332 íbúa 1. janúar 2014, Neskaupstaður með 1.486 íbúa, Reyðarfjörður með 1.136 íbúa og Eskifjörður með 1.026 íbúa. Þrír þéttbýlisstaðir hafa íbúatölu á milli 500 og 1.000 íbúa, Fáskrúðsfjörður með 660 íbúa, Seyðisfjörður með 650 og Vopnafjörður með 550 íbúa. Þrír staðir hafa milli 100 og 500 íbúa og einn þéttbýlisstaður hefur færri en 100 íbúa. Íbúafjölgun hefur verið mikil á Egilsstöðum eftir aldamótin og 48,34% frá 1998 til 2014. Á sama tímabili fjölgaði





<sup>3</sup> [http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Erlendir\\_rikisbogarar-juni\\_2011.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Erlendir_rikisbogarar-juni_2011.pdf)

íbúum á Reyðarfirði um 70,3% og eftir aldamót hefur íbúum á Eskifirði fjölgað lítillega og er fjöldi þeirra svipaður og árið 1998. Á Neskaupstað gætir fólksfjölgunar síðustu ár en í árbyrjun 2014 voru íbúar samt tæplega 2,4% færri en 1998.

Viðgangur bæjanna er mikilvægur fyrir þróun búsetuskilyrða á svæðinu og því er íbúafjöldi þeirra mikilvægur kvarði sem byggist á tölum Hagstofu Íslands fyrir hvert ár.

Mynd 1.4.1 Þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi 2013-2014						
	2013			2014		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Vopnafjörður	543	280	263	550	278	272
Fellabær	403	204	199	409	208	201
Borgarfjörður eystri	86	48	38	89	50	39
Seyðisfjörður	658	342	316	650	337	313
Egilsstaðir	2.303	1.164	1.139	2.332	1.168	1.164
Neskaupstaður	1.466	751	715	1.486	766	720
Eskifjörður	1.014	536	478	1.026	547	479
Reyðarfjörður	1.152	641	511	1.136	631	505
Fáskrúðsfjörður	654	359	295	660	356	304
Stöðvarfjörður	189	108	81	200	109	91
Breiðdalsvík	130	73	57	134	73	61
Djúpivogur	348	181	167	372	190	182
Samtals	8.946			9.044		

Heimild: Hagstofa Íslands




## 1.5 Brothættar byggðir


Breiðdalshreppur er eina byggðarlagið á Austurlandi sem skilgreint hefur verið inn í verkefni Byggðastofnunar *Brothættar byggðir*.<sup>4</sup> Eins og fram kemur í niðurstöðum um sunnanvert Austurland hér á eftir fækkaði íbúum þar um 43% á tímabilinu 1994-2011 og fækkaði enn fram til 2014. Í verkefninu *Brothættar byggðir* er áhersla lögð á að virkja íbúa til samstarfs eins og lýst er í greinargerðinni *Breiðdælingar móta framtíðina. Skilaboð íbúaþings, nóvember 2013*.<sup>5</sup>

Við samantekt Byggðastofnunar um byggðir með langvarandi fólksfækkun árið 2012 beindist umfjöllin að Austurlandi í tveim hlutum, norður- og miðsvæði annars vegar og sunnanverðu Austurlandi hins vegar. Meginniðurstöður<sup>6</sup> voru eftirfarandi: **Austurland, norður- og miðsvæði.**

- Mikil fækkun íbúa er í þessum þremur sveitarfélögum, eða frá rúmum 20% og í 28% á tímabilinu frá 1994.
- Konur eru færri en karlar eins og víða á landsbyggðinni.
- Aldursdreifing er skekkt með mikla fækkun ungs fólks en fjölgun eldra fólks.
- Fækkun yngra fólks hefur í för með sér að dregur úr fæðingatíðni eða náttúrulegri fjölgun.
- Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað.
- Sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs í öllum þéttbýlisstöðum.
- Ferðaþjónusta er mikilvæg atvinnugrein og ferðamönnum fer



**Mynd 1.5.1 Mannfjöldapróun í Vopnafjarðarhreppi 1998-2014**



<sup>4</sup> <http://www.byggdastofnun.is/is/brothaettar-byggdir/framtid-fyrir-brothaettar-byggdir>

<sup>5</sup> [http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/samantekt-lok.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/samantekt-lok.pdf)

<sup>6</sup> <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/7.Austurland.pdf>

fjölgaði.


- Mörg frístundahús eru á Seyðisfirði, þ.e. hús sem eru í eigu fólks sem ekki býr á staðnum.
- Mikil umferð ferðamanna sem tengist siglingum Norrænu. Þjónusta við ferjuna er mikilvæg stoð atvinnulífs á Seyðisfirði.
- Þessi sveitarfélög eru ekki á áhrifasvæði álvers á Reyðarfirði, þó svo nokkrir einstaklingar þaðan sækja vinnu í álverið. Vegalengd og slæmar samgöngur skipta þar höfuðmáli.
- Samgöngubætur eru lykilatriði fyrir Seyðfirðinga þar sem Fjarðarheiðin er mikill farartálmi.
- Unglingar af svæðinu sækja gjarnan framhaldsskóla til Akureyrar, þó svo tveir framhaldsskólar séu á Austurlandi.
- Mjög öflugt menningarlíf er á svæðinu, t.d. tónlistarhátíðir og menningarhátíðir sem þekktar eru á landsvísu.

Í umfjölluninni um byggðir með langvarandi fólkfækkun á norður- og miðsvæði Austurlands fylgdi línurit sem sýndi þróun mannfjöldans í Vopnafjarðarhreppi 1994-2011. Á tímabilinu 2011-2014 snerist fækkun íbúa í Vopnafjarðarhreppi í talsverða fjölgun og fjölgaði konum mun meira en körlum.

### Sunnanvert Austurland.

- Mikil fækkun íbúa er í þessum tveimur sveitarfélögum á tímabilinu frá 1994. Fækkunin í Djúpavogshreppi var 20,5% meðan hún var 43% í Breiðdalshreppi.

- Aldursdreifing er skekkt með mikla fækkun ungs fólks en fjölgun eldra fólks. Í Breiðdalshreppi hefur orðið nánast hrun í yngri aldurshópum.
- Fækkun yngra fólks hefur í för með sér að dregur úr fæðingatíðni eða náttúrulegri fjölgun.



- Sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs í þéttbýlisstöðunum.
- Ferðaþjónusta er mikilvæg atvinnugrein og ferðamönnum fer fjölgaði. Skemmtiferðaskip hafa viðkomu á Djúpavogi.
- Þessi sveitarfélög eru ekki á áhrifasvæði álvers á Reyðarfirði, þó svo nokkrir einstaklingar þaðan sækja vinnu í álverið, þó sérstaklega frá Breiðdalsvík sem tengist inn í fastar ferðir í álverið.
- Samgöngubætur nauðsynlegar, annars vegar á þjóðvegi eitt yfir Breiðdalsheiði og hins vegar á vegi yfir Öxi sem myndi stytta leiðina frá Djúpavogi á Hérað.
- Verslun og þjónusta er sótt bæði í Egilsstaði og á Reyðarfjörð, sé hún ekki sótt í heimabyggð.
- Unglingar af svæðinu sækja gjarnan framhaldsskóla til Akureyrar, þó svo tveir framhaldsskólar séu á Austurlandi.



Í umfjölluninni um byggðir með langvarandi fólksfækkun á sunnanverðu Austurlandi fylgdi línurit sem sýndi þróun mannfjöldans í Breiðdalshreppi 1994-2011. Í ársbyrjun 2014 voru íbúar í hreppnum færri en 2011 þrátt fyrir svolitla fjölgun árið 2013. Aðstæður og þróun á norður- og suðursvæði

Austurlands, með mikilli fækkun íbúa eru m.a. viðfangsefni í skýrslu Byggðastofnunar frá maí 2012, *Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun*.<sup>7</sup>


## 1.6 Jafnrétti

Mikill munur á fjölda karla og kvenna í samfélagi er af mörgum, leikum og lærðum, talinn veikleiki samfélagsins og takmarkandi fyrir þróun þess. Því séu jafnréttismál mikilvægt byggðamál. Þennan kynjahalla má lesa úr mannfjöldatölum margra sveitarfélaga og landshluta, t.d. úr myndinni af þróun íbúafjöldans í Breiðdalshreppi, mynd 1.5.3. Brottflutningur kvenna úr dreifbýli er ekki séríslenskt fyrirbrigði og er t.d. viðfangsefni í ESPON-verkefni, *Rural migration, SEMIGRA*.<sup>8</sup>

Íbúum á Austurlandi í öllum aldurshópum undir fimmtugu hefur fækkað heldur frá 1998 og aldurhóparnir yfir fimmtugu hafa stækkað. Þetta virðist vera svipuð tilhneiging en ekki eins sterk og gætir í öðrum landshlutum, nema á áhrifasvæði höfuðborgarinnar, að hinn virki aldurshópur í atvinnulífi og barneignum fer minnkandi, og það hefur verið túlkað sem merki um stöðnun. Þó er



athyglisvert frávik á Austurlandi í aldurshópnum milli tvítugs og þrítugs sem gæti verið vísbending um jákvæðari þróun. Kynjahallinn hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu 1998-2014 en athyglisvert að hlutur kvenna yfir sjötugu fer mjög minnkandi. Skipting íbúa eftir kyni er mikilvægur kvarði og sama gildir um skiptingu eftir aldurshópum. Þessi skipting eftir kyni og aldri byggist á fólksfjöldatölum Hagstofu Íslands og uppfærast ár hvert.



<sup>7</sup> [www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag\\_atvinnulif\\_og\\_ibuathroun\\_skyrslan\\_i\\_heild.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag_atvinnulif_og_ibuathroun_skyrslan_i_heild.pdf)

<sup>8</sup> [http://www.espon.eu/main/Menu\\_Projects/Menu\\_TargetedAnalyses/semigra.html](http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/semigra.html)


Á korti Nordregio á mynd 1.6.4 eru kynjahlutföll sýnd eftir sveitarfélögum árið 2014. Landsmeðaltalið var 99,4 konur á hverja 100 karla. Ekkert sveitarfélag á Austurlandi nær landsmeðaltalinu en Fljótsdalshérað er þó nálægt því. Í Borgarfjarðarhreppi, Fljótsdals- hreppi og Breiðdalshreppi eru karlar mun fleiri en konur.

Sveitarfélög á Austurlandi hafa flest samþykkt jafnréttisstefnu eða jafnréttisáætlanir, Djúpavogs- hreppur<sup>9</sup>, Fjarðabyggð<sup>10</sup>,

Fljótsdalshérað<sup>11</sup>, Seyðisfjarðarkaupstaður<sup>12</sup> og Vopnafjarðarhreppur.<sup>13</sup>

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til þess að styðja frumkvæði kvenna í atvinnulífinu og má nefna verkefnið Brautargengi sem dæmi.<sup>14</sup> Í sama tilgangi er unnið að sérstökum lánnum á vegum Bygðastofnunar.


Mynd 1.6.4



## 1.7 Búferlaflutningar

Mismunur á fjölda brottfluttra og aðfluttra á Austurlandi er ólíkur því sem verið hefur í öðrum landshlutum. Fram til ársins 2002 fækkaði jafnt og þétt á hverju ári og var mismunurinn oft á bilinu 2-300 manns á ári. Aðfluttir voru miklu fleiri á árunum 2003 til 2006 sem skýrist af framkvæmdum við vatnsaflsvirkjun, álver og tengdri starfsemi svo sem húsbyggingum og ýmislegri þjónustu. Á árabílinu 2007 til 2010 var brottflutningur fólks verulega meiri en aðflutningur en mismunurinn fór þó stöðugt minnkandi. Árin 2011 til 2013 var nokkuð jafnvægi í búferlaflutningunum. Í heild hafa tæplega 1.400 manns flutt brott umfram aðflutta frá Austurlandi síðustu 20 ár og er fjöldi brottfluttra umfram aðflutta sýndur á mynd 1.7.1. Rétt er að taka fram að sveitarfélagið Hornafjörður telst ekki með Austurlandi í þessum tölum.

Mynd 1.7.1 Mismunur brottfluttra og aðfluttra á Austurlandi 1994-2013



<sup>9</sup> [http://www.djupivogur.is/gogn/2012\\_10\\_dpv\\_jafnrettis\\_og\\_framkvaemdaaetlun.pdf](http://www.djupivogur.is/gogn/2012_10_dpv_jafnrettis_og_framkvaemdaaetlun.pdf)

<sup>10</sup> [http://www.fjardabyggd.is/media/PDF/2013\\_Jafnrettisstefna\\_2013\\_2016.pdf](http://www.fjardabyggd.is/media/PDF/2013_Jafnrettisstefna_2013_2016.pdf)

<sup>11</sup> [http://www.egilsstadir.is/images/stories/dmdocuments/Samth-regl-stefnur/jafnrettisaetlun\\_fljotsdalsherads\\_2013.pdf](http://www.egilsstadir.is/images/stories/dmdocuments/Samth-regl-stefnur/jafnrettisaetlun_fljotsdalsherads_2013.pdf)

<sup>12</sup> [http://sfk.is/images/jafnrettisstefna\\_feb2012.pdf](http://sfk.is/images/jafnrettisstefna_feb2012.pdf)

<sup>13</sup> [http://www.vopnafjardarhreppur.is/Assets/Stjornsysla/jafnrettisaetlun\\_vopnafjardarhrepis.pdf](http://www.vopnafjardarhreppur.is/Assets/Stjornsysla/jafnrettisaetlun_vopnafjardarhrepis.pdf)

<sup>14</sup> <http://nmi.is/studningur/namskeid/brautargengi/>

## 2. Menntun

### 2.1 Skipting íbúa eftir menntun

Til þess að greina skiptingu íbúa í landshlutunum eftir menntun fékk Byggðastofnun fyrirtækið Capacent til að taka saman tölur úr gögnum sínum. Capacent spyr í ýmsum könnunum um menntun og því telst upplýsingagrunnurinn vera marktækur þó þurft hafi að fara aftur til 2011 til þess að fá marktækt úrtak.

Eins og í öðrum tölum fyrir landsmeðaltal vegur hlutur höfuðborgarsvæðisins afar þungt.

Samanburður leiðir í ljós að íbúar á Austurlandi með iðnnám, starfsnám úr framhaldsskóla og próf úr grunnskóla eða minni menntun eru fleiri en landsmeðaltalið. Í mörgum landshlutum eru konur með stúdentspróf fleiri en landsmeðaltalið en svo er ekki á Austurlandi. Hins vegar er hlutur þeirra íbúa svipaður á Austurlandi og í öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins sem hafa lokið háskólaprófi, grunnnámi og framhaldsnámi í háskóla – og vel undir undir landsmeðaltali. Höfuðborgarsvæðið er mjög ráðandi í landsmeðaltali og íbúar í landshlutum utan þess hafa annað menntunarmynstur en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Þetta á líka við um Austurland í stórum dráttum.

### 2.2. Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar

Enginn háskóli er á Austurlandi en Austurbrú veitir háskólanemum aðstöðu til fjarnáms í námverum sem starrækt eru á Egilsstöðum Neskaupstað, Reyðarfirði og Vopnafirði. Á Egilsstöðum er menntaskóli, Verkmenntaskóli Austurlands er á Neskaupstað og Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu á Höfn og tilheyrir þekkingarneti Austurlands þó Sveitarfélagið Hornafjörður heyri til í samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi. Handverks- og hústjórnskóli er á Hallormsstað. Hin


#### Mynd 2.1.1 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent

Karlar	Grunnskóla- próf eða minna	Starfs- nám í fram- halds-	Stúdents próf	Iðnnám/ verknám /meistar apróf	Grunn- nám í háskóla	Fram- halds- nám í háskóla	
Austurland	35%	4%	11%	30%	15%	5%	100%
Landið allt	22%	3%	14%	31%	19%	10%	99%
<b>Konur</b>							
Austurland	36%	8%	15%	14%	22%	5%	100%
Landið allt	27%	6%	19%	9%	27%	11%	99%


#### Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting karla 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent



#### Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting kvenna 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent




nýstofnaða Austurbrú er samheiti fyrir starfsstöðvar stofnana rannsókna, nýsköpunar, fræðslu og þjónustu. Aðgengi að menntun, símenntun og starfsendurhæfingu er talin ein forsenda fyrir nýsköpun.

## AUSTURLAND HÁSKÓLAR, FRAMHALDSSKÓLAR OG SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVAR 2012

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, LMÍ 10.12/ÁR



### SKÝRINGAR



Mynd 2.2.1

## 2.3 Starfajöldi á þekkingarsetrum


Í áfangaskýrslu um þekkingarsetur á Íslandi sem lögð var fram árið 2010 af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu voru skilgreind þekkingarsetur í hverjum landshluta nema á höfuðborgarsvæðinu og fjöldi stöðugilda þeirra. Starfsemi af þessu tagi er talin mikilvæg fyrir nýsköpun og starfajöldi því mikilvægur kvarði. Fjöldi stöðugilda sem settur er hér fram sem kvarði byggist á samantekt skýrslunnar. Hann er þó gallaður að því leyti að á svæðunum eru fleiri stofnanir starfandi sem byggja á þekkingarstarfi til þjónustu en teknar eru með í skýrsluna, stöðstofnanir, og að höfuðborgarsvæðið er ekki með. Þennan kvarða þarf því að þróa en samt telst hann gagnast í stöðumati í samanburði svæða utan höfuðborgarsvæðisins.

Samanburður sýnir að stöðugildi á þekkingarsetrum á Austurlandi eru nokkuð yfir meðaltali landshlutanna utan höfuðborgarsvæðisins, um 0,7 stöðugildi á hverja 100 íbúa.

Skýrsluna frá 2010 uppfærðu fulltrúar Mennta- og menningarmála- og Fjármála- og efnahagsráðuneyta í stýrineti stjórnarráðsins í vinnuskjali árið 2012 undir heitinu *Þekkingarsetur og stöðstofnanir, samantekt eftir landshlutum*.<sup>15</sup> Ýmis landshlutasamtök sveitarfélaga hafa gert athugasemdir við uppfærðu skýrsluna. Á vegum Byggðastofnunar er unnið að greiningu á fjölda og staðsetningu ríkisstarfa og munu niðurstöður leiða til endurskoðunar á skýrslunni. Samt er hér birt úr henni eftirfarandi skrá yfir setur, stofnanir og verkefni á Austurlandi:

## Mynd 2.3.1 Fjöldi stöðugilda á þekkingarsetrum á hverja 100 íbúa 2009

Heimild: Áfangaskýrsla MMR 2009



<sup>15</sup> <http://www.stjornarrad.is/media/sl/Thekkingarsetur-og-stodstofnanir.pdf>



### Tafla 2.3.2 Skrá yfir þekkingarsetur

Starfsemi	Staður	Gerð	Starfsmenn	Stöðugildi
Þekkingarnet Austurlands	Vopnafjörður	Sjálfsfseignastofnun	1	1
Markaðsstofa Austurlands	Egilsstaðir	Sjálfsfseignastofnun	2	2,5
Þekkingarnet Austurlands	Egilsstaðir	Sjálfsfseignastofnun	7	7,6
Vaxtarsamningur Austurlands	Egilsstaðir	Samningur	1	1
Próunarfélag Austurlands	Egilsstaðir	Félag	10	5
Menningarsamningur Austurlands	Egilsstaðir	Samningur	1	1
Þekkingarnet Austurlands	Reyðarfjörður	Sjálfsfseignastofnun	3	2
Þekkingarnet Austurlands	Neskaupsstaður	Sjálfsfseignastofnun	2	1,5
Náttúrustofa Austurlands	Egilsstaðir	Stofnun	3	1,7
Náttúrustofa Austurlands	Neskaupsstaður	Stofnun	5	4,5
Breiðdalssetur	Breiðdalsvík	Sveitarfélag	3	1
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	Egilsstaðir	Stofnun	7	4,5
Minjasafn Austurlands	Egilsstaðir		5	3
Tækniminjasafn Austurlands	Seyðisfjörður		6	4
Safnastofnun Fjarðabyggðar	Reyðarfjörður	Stofnun	6	5,5
Íslenska stríðsárasafnið	Reyðarfjörður	Stofnun		
Sjóminjasafn Austurlands	Eskifjörður	Sjálfsfseignastofnun		
Náttúrgripasafnið í Neskaupstað	Neskaupsstaður	Stofnun		
Sjóminja- og smiðjusafn Jósafats Hinrikssonar	Neskaupsstaður	Stofnun		
Fornleifavernd	Egilsstaðir	Stofnun	1	1
Landgræðslan, Héraðssetur	Egilsstaðir	Stofnun	1	0,7
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Egilsstaðir	Annað	1	1
Rannsóknna- og fræðasetur HÍ	Egilsstaðir	Stofnun	2	1,2
Matís	Egilsstaðir	Hlutafélag	1	1
Búnaðarsamband Austurlands	Egilsstaðir	Félag	3	3
Skógrækt ríkisins, Hallormsstað	Hallormsstaður	Stofnun	13	8
Stofnun Gunnars Gunnarssonar	Skriðuklaustur	Sjálfsfseignastofnun	5	3
Vatnajökulsþjóðgarður, austursvæði	Skriðuklaustur	Stofnun	8	3,2
Matís	Neskaupsstaður	Hlutafélag	3	3


### 3. Efnahagsþróun

#### 3.1 Tekjur

Útsvarsstofn sveitarfélaga byggist á heildaratvinnutekjum einstaklinga og sé hann reiknaður á hvern íbúa sveitarfélags telst hann lýsa tekjum á mann, sem annars er erfitt að afla upplýsinga um. Útsvarsstofninn byggist þó aðeins á launatekjum og nær t.d. ekki yfir fjármagns- og leigutekjur. Upplýsingar um útsvarsstofninn eru fengnar frá Ríkisskattstjóra og hér í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga. Útsvarsstofn á íbúa telst þannig vera marktækur og

mikilvægur kvarði sem uppfærast árlega og getur lýst tekjum og tekjuþróun eftir landshlutum á sambærilegan hátt. Tekjuþróunin í landshlutanum er sýnd einfölduð á línuritinu í samanburði við landsmeðaltal en sést í tölum á töflunni hér að neðan. Útsvarsstofninn er sýndur á verðlagi ársins 2013 á hvern íbúa í landshlutanum og því fæst þróunin á einfaldan og samanburðarhæfan hátt.

Útsvarsstofn var yfir landsmeðaltali öll árin nema árið 2008. Af línuritinu má sjá að sveiflan á Austurlandi var stærri og hrunið hefur því hitt landshlutann harðar og árið 2013 var útsvarsstofn enn mun lægri en hann var fyrir hrun og þar með tekjur einstaklinga.



**Mynd 3.1.2 Útsvarsstofn á íbúa eftir landshlutum 2007-2013**

Útsvarsstofn á íbúa á verðlagi ársins 2013 í þús.kr.								
	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	
Höfuðborgarsvæðið	4.115	3.771	3.295	3.109	3.185	3.233	3.289	
„Landsbyggð“	3.435	3.141	2.888	2.807	2.907	2.964	3.013	
Suðurnes	3.501	3.179	2.783	2.637	2.707	2.732	2.822	
Vesturland	3.411	3.162	2.922	2.875	2.926	2.962	2.979	
Vestfirðir	3.215	3.150	3.020	2.849	2.954	3.047	3.058	
Norðurland vestra	2.980	2.871	2.771	2.702	2.742	2.855	2.914	
Norðurland eystra	3.243	3.085	2.906	2.856	2.955	2.997	3.055	
<b>Austurland</b>	<b>4.458</b>	<b>3.455</b>	<b>3.170</b>	<b>3.105</b>	<b>3.327</b>	<b>3.378</b>	<b>3.389</b>	
Suðurland	3.283	3.094	2.815	2.753	2.876	2.966	3.007	
<b>Landsmeðaltal</b>	<b>3.859</b>	<b>3.537</b>	<b>3.144</b>	<b>2.998</b>	<b>3.084</b>	<b>3.135</b>	<b>3.189</b>	





Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands

### 3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþáttaka

Atvinnuleysi á Austurlandi var á bilinu 3,0-4,4% á árunum 2009-2012 og um helmingi minna en á landinu öllu. Atvinnuleysi jókst lítillega framan af tímabilinu en á árinu 2012 minnkaði það umtalsvert eða niður í 3%. Atvinnuleysi karla var verulega minna en á landsvísi eða sem nemur um fimm til sex prósentustigum en atvinnuleysi kvenna var verulega meira og um tveimur prósentustigum undir landsmeðaltali árið 2012.

Upplýsingar um atvinnuþátttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnuþátttaka var 80,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en 80,3% utan þess. Atvinnuþátttaka kvenna var óbreytt á árunum 2008 til 2012 eða um 78%, en atvinnuþátttaka karla lækkaði úr 87% í 83% á sama tímabili.

Hlutfall fólks á aldrinum 20-39 ára af heildarmannfjölda á landinu hefur lækkað um 1,8 prósentustig á síðasta aldarfjórðungi en á Austurlandi um 2,4 prósentustig. Þróun mælikvarðans er afar sveiflukennd og hlutfall 20-39 ára hækkaði verulega á þeim tíma sem framkvæmdir í landshlutanum voru sem mestar. Hagstofan skilgreinir atvinnuþátttöku sem hlutfall vinnuafls af heildarmannfjölda. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki.




### 3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki. Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og besti kvarði sem völ er á. Beinn samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1.000 íbúa.

Samanburður á þeim grunni sýnir að nýskráning fyrirtækja á Austurlandi fylgir nokkuð

landsmeðaltali fram til 2003 en þá fækkaði nýskráningum og hefur þeim verið að fækka flest árin og voru árið 2013 einungis fjórðungur þess sem var þegar skráningarnar voru flestar.



**Mynd 3.3.2 Skipting framleiðslu eftir landshlutum og atvinnugreinum 2011.**

	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
Landbúnaður	6%	94%	1%	11%	5%	12%	18%	8%	39%	100%
Sjávarútvegur	19%	81%	13%	13%	8%	5%	13%	14%	15%	100%
Stóriðja, veitur	52%	48%	4%	15%	2%	2%	6%	15%	5%	100%
Annar iðnaður	72%	28%	3%	4%	1%	2%	7%	4%	7%	100%
Byggingar	54%	46%	10%	4%	2%	3%	11%	6%	9%	100%
Verslun, hótel, veit., samgöngur	78%	22%	6%	3%	1%	1%	4%	2%	4%	100%
Fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta	77%	23%	4%	3%	1%	1%	6%	3%	5%	100%
Opinber þjónusta	66%	34%	5%	5%	2%	2%	9%	4%	7%	100%
Öll framleiðsla	66%	34%	5%	5%	2%	2%	7%	5%	7%	100%

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011

Um stöðu, þróun og mikilvægi atvinnugreina eftir landshlutum er helst að byggja á greiningum sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið í samstarfi við Bygðastofnun og hafa verið uppfærðar árlega. Þar kemur fram að um tveir þriðju hlutar landsframleiðslunnar verða til á svæði höfuðborgarinnar. Samanburður sem góður kvarði fyrir sóknaráætlun fæst með mati á vægi atvinnugreina í hverjum landshluta og á milli landshluta eins og sýnt er á töflu fyrir alla landshluta, 3.3.2, og súluriti með samanburði á framleiðslu eftir atvinnugreinum á Austurlandi og við landsmeðaltal. Þessi samanburður er mikilvægur með öðrum samanburði, t.d. á hagvexti landshlutanna. Þessar skýrslur byggja á tveggja ára gömlum talnagrunni og nýjustu skýrslu Bygðastofnunar og Hagfræðistofnunar, Hagvöxtur landshluta 2004-2011, má sjá á vef Bygðastofnunar.<sup>16</sup>


<sup>16</sup> [www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvoxtur\\_landshluta\\_2004-2011.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvoxtur_landshluta_2004-2011.pdf).

Á súluritinu sést vel mikið vægi stóriðju- og veituframkvæmda á Austurlandi sem og sjávarútvegs. Þó svo að framleiðsla opinberrar þjónustu á Austurlandi sé undir landsmeðaltali er hlutur hennar stór í landshlutanum.

Upplýsingar um hagvöxt eftir landshlutum fást í sömu heimild og eru líka mikilvægar kvarði.

Þær sýna hagvaxtarsveiflur í líkingu við fólksfjöldasveiflu á meðan framkvæmdir stóðu við virkjun og

álver. Fallið niður í neikvæðan hagvöxt 2008 og 2009, eftir að framkvæmdum lauk, virðast vera afleiðing stórfamkvæmdanna, t.d. er talið að íbúðir hafi verið byggðar 70% umfram þörf. Þessar upplýsingar og fleiri um samfélagsáhrif virkjunar og álvers á Austurlandi má finna í *Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers og*



**Mynd 3.3.4 Hagvöxtur landshluta 2004-2011**


Ár	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
2004	10%	2%	2%	4%	-1%	3%	-1%	4%	3%	7%
2005	4%	15%	18%	11%	18%	4%	10%	39%	10%	7%
2006	8%	3%	7%	4%	-3%	-2%	-11%	20%	6%	6%
2007	7%	6%	21%	1%	-8%	0%	4%	10%	1%	6%
2008	-1%	6%	6%	9%	13%	6%	13%	-10%	8%	1%
2009	-7%	-8%	-12%	-4%	0%	-4%	-9%	-16%	-5%	-8%
2010	-2%	-6%	-11%	-6%	-14%	-1%	-7%	0%	-4%	-3%
2011 bb	3%	3%	3%	2%	0%	1%	3%	4%	3%	3%
'04-'11	11%	18%	32%	18%	2%	5%	0%	43%	20%	13%
'07-'11	-8%	-6%	-13%	0%	-3%	2%	-1%	-22%	1%	-7%

bb – bráðabirgðatölur

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011

*virkJanaframkvæmda á Austurlandi. Rannsóknarrit nr. 9. Lokaskýrsla: Stöðulýsing í árslok 2008 og samantekt yfir helstu áhrif 2002-2008, sem Hjalti Jóhannesson ritstýrði 2010.<sup>17</sup>*

Hagvöxtur á Austurlandi á tímabilinu 2004-2011 var mikill, 43%, en meðaltal fyrir landið allt var 13%.




<sup>17</sup> [http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2010/Samfelagsahrif\\_alvers\\_og\\_virkjunar\\_A-landi\\_lokaskyrsla\\_2010.pdf](http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2010/Samfelagsahrif_alvers_og_virkjunar_A-landi_lokaskyrsla_2010.pdf).

### 3.4 Fasteignaverð

Fasteignaverð er eitt af þeim viðmiðum sem lýsa efnahagslegri stöðu. Í könnun Byggðastofnunar frá vormánuðum 2014 er samanburður á heildarmati sömu fasteignar eftir nokkrum stöðum á landinu 2010 og 2014.<sup>18</sup> Það lýsir þannig verðmun sömu fasteignar eftir því hvar hún er og hvernig mat hefur breyst frá 2010. Á Austurlandi var mat fasteignarinnar skoðað á Seyðisfirði, Vopnafirði, Egilsstöðum og Neskaupstað og niðurstöður settar fram í súluriti og hér er gulur litur undir súlum þessara bæja til glöggvunar. Fram kemur að fasteignaverð á Egilsstöðum er vel ofan við meðallag í samanburði við aðra staði á landinu, litlu lægra á Neskaupstað en undir meðallagi á Seyðisfirði og Vopnafirði. Á öllum stöðum hefur fasteignaverð hækkað heldur á tímabilinu og mest á Seyðisfirði.

Mynd 3.4.1 Heildar fasteigna- og lóðamat viðmiðunareignar 2010 og 2014



<sup>18</sup> <http://www.byggdastofnun.is/is/utgefing-efni/grof-og-skrar>

## 4. Samgöngur

### 4.1 Vegir, hafnir, flugvellir

Samkvæmt Samgönguáætlun 2011-2022 eru tveir flugvellir á Austurlandi í grunnneti samgangna, á Egilsstöðum og Vopnafirði. Daglegt áætlunarflug er á milli Vopnafjarðar og Akureyrar virka daga, í tengingu við flug til Þórshafnar. Milli Egilsstaða og Reykjavíkur er áætlunarflug fjórum sinnum á dag.


Stofnvegur á Austurlandi er þjóðvegur nr. 1 frá Biskupshálsi í vestri, austur og suður um Breiðdalsheiði að mörkum við Krossanesfjall. Frá þjóðvegi 1 liggur stofnvegur af Fjöllum til Vopnafjarðar og þaðan til norðurs um Sandvíkurheiði til norðurs til Bakkafjarðar og til suðurs, yfir Hellisheiði til Egilsstaða. Frá Egilsstöðum liggja stofnvegir að þéttbýlisstöðum í Borgarfirði, Seyðisfirði til Neskaupstaðar um Reyðarfjörð og Eskifjörð og suður til Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur um Fáskrúðsfjarðargöng og áfram til suðurs, til móts við þjóðveg nr. 1 í Breiðdal.

Þjóðvegur nr. 1 milli Austurlands og Norðurlands eystra liggur í 500 metra hæð yfir sjó í Vegaskarði og 600 metra hæð í Langadal

við Svartfell og í 470 metra hæð á Breiðdalsheiði, milli byggða. Annars liggur stofnvegur milli byggða á Austurlandi mjög hátt á nokkrum stöðum, hæst á Hellisheiði, milli Vopnafjarðar og Héraðs, í 655 metra hæð, við jarðgöngin í Oddsskarði, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, í 632 m y.s., á Fjarðarheiði, milli Seyðisfjarðar og Héraðs, í 620 m y.s., í Vatnsskarði, milli Héraðs og Borgarfjarðar, í 431 m y.s. og á Fagradal, milli


Mynd 4.1.1 Grunnnet samganga

Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022



Mynd 4.1.2 Stofnvegir 2010

Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022



### SKÝRINGAR


- VÖRUFLOTNING/
- 1. FLOKKUR: STÓRAR FISKIHAFNIR
- 2. FLOKKUR: MEÐALSTÓRAR FISKIHAFNIR
- 3. FLOKKUR: BÁTAAFNIR
- 4. FLOKKUR: SMÁBÁTAAFNIR
- HÖFN Í GRUNNETI SKV. SAMGÖNGUÁÆTLUN 2011-2022
- 50 KM LOFTLÍNURADÍUS FRÁ VÖRUFLOTNINGAHÖFN
- SVÆDI SÖKNARÁÆTLANA
- MÖRK SVÆDA SÖKNARÁÆTLANA
- HREPPAMÖRK
- VEGUR
- VEGSLÓÐI, SUMARVEGUR
- JÓKULL
- VATN, Á

Mynd 4.1.3

0 25 50 75 100 km

AUSTURLAND  
HAFNIR 2012

Heimild: Siglingastofnun, Hagstofa Íslands, LMÍ  
10.12/ÁR



Egilsstaða og Reyðarfjarðar, í 350 m y.s.

Á Austurlandi eru sjö hafnir í grunnneti samgöngukerfisins, ein vöruflutningahöfn, á Reyðarfirði, fimm í flokki I, á Vopnafirði, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði og Fáskrúðsfirði og ein í flokki II, meðalstórar fiskihafnir, á Djúpavogi. Að auki er höfnin á Reyðarfirði í þessum flokki II. Í flokki III, bátahafnir er höfnin á Stöðvarfirði og í flokki IV, smábátahafnir eru 3 hafnir, á Borgarfirði, Mjóafirði og Breiðdalsvík. Siglingastofnun miðar flokkun sína við að í höfnum í flokki I geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig.

## 4.2 Almenningsamgöngur

Strætisvagnar Austurlands (SVAust) hófu formlega göngu sína sumarið 2013. Kerfið er fyrsta heildstæða almenningssamgöngukerfið fyrir Austurland. Það byrjaði sem þróunarverkefnið *Skipulagðar almenningssamgöngur á Austurlandi* í byrjun árs 2012, hrundið af stað af Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og Austurbrú á grundvelli samnings Vegagerðar ríkisins og landshlutasamtaka sveitarfélaga um sérleyfisakstur. Grunnur kerfisins byggist hins vegar á öflugu samgöngukerfi Alcoa Fjarðaáls fyrir starfsmannaakstur.<sup>19</sup>


Leiðakerfið á Austurlandi byggist að hluta á tengingu við áætlunarflug um flugvöllinn á Egilsstöðum.

Sveitarfélögin á Austurlandi hafa skrifað undir yfirlýsingu um almenningssamgöngur þar sem markmiðið er að heildstætt kerfi í almenningssamgöngum gegni því tvíþætta hlutverki að tengja saman byggðir landshlutans og veita íbúum og ferðamönnum raunhæfan valkost í ferðum innan fjórðungsins og til hans og frá. Þróun verkefnisins felst í því að bjóða uppá tíðari ferðir og að tengja það akstri milli Breiðdalsvíkur og Djúpavogs og til og frá Vopnafirði.

Verkefnið er vistað hjá Austurbrú en Fjarðabyggð sér um ýmsa umsýslu.<sup>20</sup>

Með góðum almenningssamgöngum breytast aðstæður fólks til að sækja félagslíf og félagsstarf sem og skóla og vinnu og ekki síður fólks til sveita en þéttbýlisbúa. Rekstur og þróun þessa samræmda leiðakerfis áætlunarferða mun verða viðfangsefni landshlutasamtaka sveitarfélaga á komandi misserum og árum.

Mynd 4.2.1 Leiðakerfi almenningssamgangna 2014



Mynd 4.3.1 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða 2012

Heimild: Vegagerðin

Vegalengdir milli þéttbýlisstaða (sem mest á bundnu slitlagi)		
	Frá Egilsstöðum	Frá Djúpavogi
Egilsstaðir		156
Neskaupstaður	72	165
Eskifjörður	49	142
Reyðarfjörður	33	127
Vopnafjörður	130	286
Fella bær	3	158
Borgarfjörður	71	225
Seyðisfjörður	28	181
Fáskrúðsfjörður	50	111
Stöðvarfjörður	73	83
Breiðdalsvík	92	64
Djúpivogur	156	
Akureyri	264	420
Reykjavík	652	553

<sup>19</sup> [www.austurfrett.is/svaust](http://www.austurfrett.is/svaust)

<sup>20</sup> [www.austurbru.is/static/files/PDF/2014/arsskyrsla\\_ab\\_2013.pdf](http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2014/arsskyrsla_ab_2013.pdf)



### 4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Austurlandi afmarkast af landslagi eins og víðar samkvæmt könnun Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Vinnusóknarsvæði Reyðarfjarðar nær til flestra þéttbýlisstaða og skarast við vinnusóknir Egilsstaða.

Vinnusóknarsvæði Vopnafjarðar, Borgarfjarðar, Breiðdalsvíkur og Djúpvogs takmarkast við nánasta umhverfi staðanna. Vinnusóknarsvæði Egilsstaða og Reyðarfjarðar myndar þungamiðju svæðisins.


Áætlað er að Norðfjarðargöng, milli Norðfjarðar og Eskifjarðar, verði tekin í notkun 2017.<sup>21</sup> Þau verða um 7,5 km löng, mikil samgöngubót og styrkja vinnusóknarsvæði á Mið-Austurlandi. Styttning ferðatíma, vegstyttningar og samgöngubætur, breyta vinnu- og þjónustusókn og þar með búsetuskilyrðum. Ferðatími er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir.

### 4.4 Gagnaflutningar


Póst- og fjarskiptastofnun vinnur að greiningu á stöðu fjarskiptamála í einstökum landshlutum og von er á fyrstu niðurstöðum á fyrri hluta árs 2014. Í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðáætlun 2014-2017*<sup>22</sup>, bls. 40-42, er fjallað almennt um stöðu gagnaflutninga á landinu.

Mynd 4.3.2 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða 2012

Heimild: Vegagerðin



Skýrir Mynd 4.3.3



Mynd 4.3.4 Norðfjarðargöng

Heimild: Vegagerðin



<sup>21</sup> <http://www.vegagerdin.is/verkefnavefir/Nordfjardargong.nsf>

<sup>22</sup> <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2013-11-11.pdf>

## 5. Opinber þjónusta

### 5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla



Heilbrigðisumdæmi Austurlands spannar starfssvæði SSA og Bakkafjörð að auki. Hann er hluti sveitarfélagsins Langanesbyggð sem er á starfssvæði Eypings. Fjármálastjóri Heilbrigðisumdæmis Austurlands hefur aðsetur á Reyðarfirði en forstjóri, mannauðsstjóri og framkvæmdastjórn lækninga og hjúkrunar á Egilsstöðum. Á Neskaupstað er heilsugæslustöð og sjúkrahús með vaktþjónustu, heilsugæslustöð með sjúkrarými á Egilsstöðum og heilsugæslustöð á Vopnafirði, Seyðisfirði, Reyðarfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Djúpavogi. Á Borgarfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík eru heilsugæslustöð.<sup>23</sup>

Hjúkrunarrými fyrir aldraða eru rekin í tengslum við heilbrigðisstofnanir á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Neskaupstað en sérrekin á Vopnafirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði.

### 5.2 Löggaesla og sýslumaður

Austurland er sérstakt umdæmi lögreglustjóra frá ársbyrjun 2015 samkvæmt reglugerð frá 19. desember 2014<sup>24</sup>. Aðalstöð og aðsetur lögreglustjóra er á Eskifirði og 5 aðrar lögreglustöðvar í umdæminu.

Austurland er líka eitt sýslumannsumdæmi samkvæmt reglugerð frá desember 2014.<sup>25</sup> Sýslumaður hefur aðsetur á Seyðisfirði en sýsluskrifstofur eru á Vopnafirði, Eskifirði og Egilsstöðum. Sveitarfélagið Hornafjörð sem áður var í umdæmi sýslumanns á Eskifirði færðist á sýslumannsumdæmi Suðurlands með fyrrnefndum breytingum í samræmi við svæði landshlutasamtaka sveitarfélaga.



<sup>23</sup> [http://www.velferðarraduneyti.is/tolfraedi\\_heilb/nr/32711](http://www.velferðarraduneyti.is/tolfraedi_heilb/nr/32711)

<sup>24</sup> <http://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/leyfisveitingar/>

<sup>25</sup> <http://www.syslumenn.is/empaettin/empaetti-og-umdaemi/syslumadurinn-a-austurlandi>

### 5.3 Héraðsdómur

Héraðsdómur Austurlands er á Egilsstöðum og umdæmi hans spannar sveitarfélögin Borgarfjarðarhrepp, Breiðdalshrepp, Djúpvogshrepp, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp, Seyðisfjarðarkaupstað, Vopnafjarðarhrepp auk Sveitarfélagsins Hornafjarðari.<sup>26</sup>

### 5.4 Rafveita og húshitun

Á Austurlandi hefur Rarik sérleyfi til dreifingar raforku og kerfisstjórnunar nema í þéttbýli við Reyðarfjörð þar sem Rafveita Reyðarfjarðar hefur sérleyfi. Hitaveitur með einkaleyfi sem störfuðu á Austurlandi í janúar 2010 voru Hitaveita Egilsstaða og Fella og Hitaveita Fjarðabyggðar.

Af þeim fjórum þéttbýlisstöðum á Austurlandi sem voru með í úttekt á kostnaði vegna húshitunar og raforkunotkunar sem Byggðastofnun fékk Orkustofnun til að gera (sjá kafla 5.4 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaaætlun 2014-2017*) eru þrjár þeirra meðal þeirra fimm þéttbýlisstaða sem voru með hæstan orkukostnað. Egilsstaðir voru meðal þeirra þéttbýlisstaða sem höfðu lægstan orkukostnað í þessari úttekt en Vopnafjörður og Neskaupstaður með hæsta orkukostnaðinn fyrir samanburðarheimilið og á Seyðisfirði var hann litlu lægri en þar. Á þessum þéttbýlisstöðum er rafmagn notað til húshitunar á Vopnafirði og Neskaupstað, fjarvarmaveita og rafmagn á Seyðisfirði og hitaveita á Egilsstöðum.

Orkukostnaður í dreifbýli á Austurlandi og í dreifbýli annars staðar, sem fellur undir dreifisvæði Rarik, er sá hæsti utan þéttbýlisstaða í úttekt Orkustofnunar (sjá kafla 5.4 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaaætlun 2014-2017*). Þar munar mest um sérstaka dreifbýlisgjaldskrá vegna orkudreifingar utan þéttbýlis.


**Mynd 5.4.1 Orkukostnaður heimila á nokkrum þéttbýlisstöðum og í dreifbýli**

Miðað er við gjaldskrá 1. janúar 2013

Staður	Hitaveita Fjarvarmav. kr./ári	Rafhitun kr./ári	Hitaveita/Rafhitun kr./ári	Rafmagn Almenn notkun kr./ári	Samtals rafmagn og hiti kr./ári	Samtals rafmagn og hiti kr./ári
Dreifbýli RARIK		217.063	217.063	103.059	320.123	
Neskaupstaður		187.133	187.133	77.553	264.686	
Vopnafjarðarhreppur		187.133	187.133	77.553	264.686	
Seyðisfjörður	180.051	187.133	180.051	77.553	257.604	264.686
Egilsstaðir	82.557		82.557	77.553	160.110	

Heimild: Orkustofnun

<sup>26</sup> <http://www.domstolar.is/austurland>



## Mynd 5.5.1 Ríkisstörf á Austurlandi 2007 og 2011

### 5.5 Opinber störf

Eftir bankahrunið, haustið 2008, fækkaði störfum ríkisins víða á landinu. Greinargerð sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Bygðastofnun<sup>27</sup>, *Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins*, var gerð opinber í apríl 2013. Þar er fjallað um árin frá hruni til 2011 og þar kemur fram að ríkisstörfum fækkaði á Austurlandi. (Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur sett fram athugasemdir við skýrsluna.) Í samantekt um svæðið segir í skýrslunni:

„Á Austurlandi fækkaði ársverkum á vegum ríkisins um 26 frá 2007 til 2011. Íbúum svæðisins hefur fækkað frá hruni að undanskilinni lítilli fjölgun frá 2011 til 2012, meðalaldur hefur hækkað og hlutfall 20-40 ára íbúa lækkað að undanskildu árinu 2012. Lok stóriðjuframkvæmda skipta hér mestu máli. Ríkisstarfsmönnum fækkaði mun minna en íbúum á tímabilinu. Atvinnuleysi jókst í kjölfar hrunsins og er atvinnuleysi kvenna meira en karla.

Atvinnuleysi á Austfjörðum er þrátt fyrir þessa aukningu minna en landsmeðaltalið. Mestur niðurskurður hefur átt sér stað á Egilsstöðum og á Seyðisfirði, t.d. fækkaði starfsmönnum á starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Austurlands á báðum þessum stöðum.“

Flesta þætti ríkisstarfseminnar er að finna á Egilsstöðum eins og sést á töflunni hér til hliðar. Þar er sett fram niðurstaða úr könnun sem Austurbrú vann í samráði við Bygðastofnun 2014. Landshlutasamtök sveitarfélaga í öðrum landshlutum gerðu sams konar könnun, hver á sínu svæði, og heildarniðurstaða er sett fram á heimasíðu Bygðastofnunar.<sup>28</sup>

	Fjöldi starfsmanna		Breyting milli ára
	2007	2011	
<i>Menntamálaráðuneytið</i>			
Háskóli Íslands	4	1,8 <sup>1</sup>	-2,2
Menntaskólinn á Egilsstöðum	44,8	37,1	-7,7
Verkmenntaskóli Austurland	24,6	31,5	6,9
Framhaldsfræðsla	7,5	12	4,5
Fornleifavernd ríkisins	1	1	0
Ýmis fræðistörf	3	2	-1
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i>			
Fiskistofa	3	3	0
Matvælastofnun	4	3,5	-0,5
Héraðs- og Austurlandsskógar	5,7	4,2	-1,5
<i>Innanríkisráðuneytið</i>			
Héraðsdómstólar	2	2	0
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	25,3	18	-7,3
Sýslumaðurinn á Eskifirði	26	21,6	-4,4
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	5,5	4,5	-1
Vegagerðin	31,4	30	-1,4
Flugmálastjórn Íslands	1	0	-1
<i>Velferðarráðuneytið</i>			
Vinnueftirlit ríkisins	4,8	4	-0,8
Heilbrigðisstofnun Austurlands	254,7	237,3	-17,4
Vinnumálastofnun	3	3,3	0,3
<i>Fjármálaráðuneytið</i>			
Ríkisskattstjóri/skattstofur	9,9	7,8	-2,1
Tollstjórnin	0	3,5	3,5
<i>Iðnaðarráðuneytið</i>			
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	0	2	2
<i>Umhverfisráðuneytið</i>			
Umhverfisstofnun	4	2	-2
Landgræðsla ríkisins	0,7	0,7	0
Skógrækt ríkisins	37,4	44,7	7,3
<b>Samtals</b>	<b>503,3</b>	<b>477,5</b>	<b>-25,8</b>


<sup>1</sup>Tölur um ársverk Háskóla Íslands árið 2011 fyrir landsbyggðina skal taka með fyrirvara þar sem engin ársverk eru skráð á landsbyggðinni en aftur á móti eru óstaðsett ársverk 13. Ef ársverk landsbyggðarinnar eru lögð saman fyrir árið 2007 eru þau 28,7 talsins, því er hægt að áætla að ársverk HÍ á landsbyggðinni hafi fækka um 13, en óvíst er um staðsetningu þeirra. Því er fækkun á hverjum stað reiknuð út sem hlutfall af heildarfækkun ársverka á landsbyggðinni.

<sup>27</sup> <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/breyting-a-fjolda-rikisstarfsmanna.pdf>

<sup>28</sup> <http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/stadsetning-starfa-rikisins-1>

## Mynd 5.2 Staðsetning ríkisstarfa

Mynd 5.3 STADSETNING RÍKISSTARFSEMI 2014 OG VINNUSÓKNARSVÆÐI



## Staðsetning starfa ríkisins 2014

BYGGÐASTOFNUN

	Vopnafiörður	Egilsstaðir	Seyðisfjörður	Neskaupstaður	Eskifjörður	Reyðarfjörður	Fáskrúðsfjörður	Stoðvarfjörður	Breiðdalssvík	Djúpivogur
59	Ranns.sjóður AVS									
58	Veðurstofan									
57	Jafnréttisstofa									
56	Umferðarstofa									
55	Þjóðskrá									
54	Háskóli									
53	Íbúðalánasjóður									
52	Landmæl Íslands									
51	Ferðamálastofa									
50	Verðl.st.skiptaverð									
49	Ranns. sjólysia									
48	Fangelsi									
47	Fæð.orlofssjóður									
46	Innh.stofn. sekta									
45	Atv.leys.tr.sjóður									
44	Innheimtustofnun									
43	Barnaverndarstofa									
42	Þýðingarmiðstöð									
41	Fjölmennt.setur									
40	Skattstofa									
39	Ríkisútvarp									
38	Landhelgisgæslan									
37	Fiskistofa									
36	Umhverfisstofnun									
35	Landshlutaskógar									
34	Vatnajökulspjóðg									
33	Skógrækt ríkis									
32	Landgræðslan									
31	Veiðimálastofnun									
30	Vinnueftirlitið									
29	Vinnumálastofnun									
28	Byggðastofnun									
27	Nýsköpun.miðstöð									
26	Grimshagi									
25	Matvælastofnun									
24	Matis									
23	Minjastofnun									
22	Dýralæknar									
21	Tollgæsla									
20	Biskup									
19	Siglingamálastofn									
18	Héraðsdómari									
17	Hafrannsóknastofn									
16	Náttúrustofa									
15	Háskólasetur									
14	Framhaldsskóli									
13	Sparisjóður									
12	Áætl.flugvöll./Ísavia									
11	Landsbanki									
10	Vaðlaheiðargöng									
9	Sjúkrahús									
8	Vegagerðin									
7	Sýslumaður									
6	Rarik/Orkubú Vf.									
5	Lögreglustöð									
4	Áfengisverslun									
3	Íslandspóstur									
2	Heilsugæsla									
1	Prestur									

Byggðastofnun 2014. Heimild: Landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnubrúnaarfélag 2013-14, Fjárskýla ríkisins, Ríkisreikningurinn 2012, heimasíður stofnana og ráðuneyta og viðtöl við fulltrúa þeirra 2014

## 6. Önnur þjónusta

### 6.1 Verslun

Flokkun verslana


Ef byggt er á flokkun Samkeppniseftirlitsins: *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, jan. 2012, (aðall. bls. 26) eru lágvöruverðsverslanir á Austurlandi á Egilsstöðum og Reyðarfirði, stórmarkaður, almenn dagvöruverslun á Egilsstöðum og Neskaupstað, klukkubúðir á Seyðisfirði, Eskifirði Fáskrúðsfirði og Djúpavogi og litlar matvörubúðir á Vopnafirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Lágvöruverðsverslanir eru mikilvægar fyrir skilgreiningu á þjónustusvæðum, svipað og heilsugæslustöðvar. Flokkunin er svofelld:

1. Lágvöruverðsverslanir:  
Bónus, Nettó, Krónan, Kaskó
2. Stórmarkaðir og almennar dagvöruverslanir  
Hagkaup, Nóatún, Samkaup úrval, Fjarðarkaup
3. Klukkubúðir  
Samkaup strax, 10-11
4. Litlar matvörubúðir  
Takmarkað vöruframboð. T.d. Kjarval, búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

### 6.2 Ýmis þjónusta

Flesta starfsþætti þjónustu fyrirtækja á Austurlandi er að finna á Egilsstöðum en margi er líka að finna á Reyðarfirði og þá á Neskaupstað eins og sést á töflunni á mynd 6.2.1. Hún sýnir niðurstöður könnunar sem Austurbrú gerði 2014 í samráði við Byggðastofnun. Landshlutasamtök sveitarfélaga í öðrum landshlutum gerðu sams konar könnun, hver á sínu svæði, og heildarniðurstaða er sett fram á heimasíðu Byggðastofnunar.<sup>29</sup> Fjöldi þjónustupátta á Egilsstöðum er sambærilegur við mesta fjölda á stöðum í hverjum landshluta.

Mynd 6.1.1




<sup>29</sup> <http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/stadsetning-thjonustustarfa-fyrirtaekja>.

### 6.3 Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er sú grein sem vaxið hefur mest um land allt. Í yfirliti Ferðamálastofu *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum – apríl 2014*<sup>30</sup> má á eftirfarandi töflu sjá fjölda gistirýma 2012-2013 eftir landshlutum. Fjöldi gistnóttanna er þó aðeins einn kvarði af mörgum til þess að mæla stöðu ferðapjónustunnar. Fram kemur á töflunni að hlutur Austurlands í heildarfjölda gistinóttanna á landinu rýrnaði heldur þetta árið þrátt fyrir fjölgun gistinóttanna, úr 1.232 í 1.253 gistinætur, og að hluti landshlutans af heildarfjölda gistinóttanna á landinu var 11,3% árið 2013.

**Mynd 6.3.1 Fjöldi gistinóttanna á hótélum og gistiheimilum 2012-2013**

	2012		2013		Breyting milli ára 2012-13 (%)
	Fjöldi herbergja	%	Fjöldi herbergja	%	
Höfðuborgarsvæði	3.584	35,0	3.997	36,2	11,5
Suðurnes	391	3,8	465	4,2	18,9
Vesturland	771	7,5	768	7,0	-0,4
Vestfirðir	444	4,3	513	4,6	15,5
Norðurland vestra	505	4,9	536	4,9	6,1
Norðurland eystra	1.521	14,9	1.516	13,7	-0,3
Austurland	1.232	12,0	1.253	11,3	1,7
Suðurland	1.781	17,4	2.002	18,1	12,4
Samtals	10.229	100	11.050	100	8,0



**Mynd 6.2.1 Staðsetning þjónustustarfa fyrirtækja 2014**

<sup>30</sup> [http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/november/ferdatjonusta\\_itolum\\_april14.pdf](http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/november/ferdatjonusta_itolum_april14.pdf)

## 7. Iðnaður

### 7.1 Landbúnaðarafurðir

Vísað er í kafla 7.1 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017* þar sem fjallað er um framleiðslu og neyslu á innlendum kjöt- og mjólkurafurðum. Gögn þar að lútandi eru ekki tiltæk fyrir hvern landshluta heldur lýsa þau einungis landinu sem heild.

#### 7.2 Sjávarafurðir

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

#### 7.3 Byggingariðnaður

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

#### 7.4 Annar iðnaður

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.



## 8 Frumvinnsla

### 8.1 Landbúnaður

#### Fjöldi bújarða og landnýting

Sveitarfélagið Hornafjörður er meðtalið í landshlutagögnum Hagstofu Íslands fyrir Austurland en er ekki hluti af Austurlandi í þeirri skilgreiningu landshluta sem hér er notuð og er byggð á landshlutasamtökum sveitarfélaga. Það er því ákveðið misræmi í hugtakinu *Austurland* í þessum undirkafla og þeim næsta, þar sem gögnin eru fengin frá Hagstofu Íslands sem, eins og áður segir, telur sveitarfélagið Hornafjörð með Austurlandi.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands eru bújarðir, þ.e. býli þar sem stundaður er landbúnaður, samtals 292 á Austurlandi árið 2010. Heildarflatarmál lands sem nýtt er undir landbúnað á Austurlandi er um 3.185 km<sup>2</sup>, sem eru rúm 14% heildarflatarmáls landshlutans. Meðalstærð nýtt lands reiknast því til að vera rúmir þúsund hektarar á bújörð.


Bróðurpartur nýtt landbúnaðarlands eru engi og úthagi, tæp 96%, sem nýtt eru til beitar. Tún og nýræktir eru tæp 4% og aðrir flokkar samanlagt minna en 0,4%, sem skiptist jafnt á milli grænfóðurs, kornræktar og annarra samanlagðra enn minni flokka.

**Tafla 8.1.1 Hektarar nýtt landbúnaðarlands og fjöldi bújarða á Austurlandi 2010**

Fjöldi bújarða	292
Engi og úthagi	305.060
Tún alls	12.321
Grænfóður	378
Kornrækt	365
Kartöflur	75
Fóðurrófur og kál	135
Hvíldarland	148
Annað land	21
Alls	318.501
Meðalstærð nýtt lands bújarða	1.091

Heimild: Hagstofa Íslands

**Mynd 8.1.2 Hlutfall landnýtingarflokka af nytjuðu landbúnaðarlandi á Austurlandi á árinu 2010**




#### Fjöldi búpenings

Eins og fjallað er um í kaflanum hér á undan ber að hafa í huga að skilgreiningin á Austurlandi sem gögn þessa kafla lýsa er frábrugðin þeirri skilgreiningu sem almennt er hér notuð og miðuð er við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Þróun í fjölda búpenings frá 1998 til 2012 fyrir sjö tegundir má sjá á mynd 8.1.3. Þar er fjöldinn teiknaður upp sem hundraðshluti af upphafs fjöldanum. Sjá má að sauðfé hefur nokkurn veginn haldist jafn margt yfir þetta tímabil á meðan fækkun hefur orðið í öllum öðrum tegundum. Þó hefur verið talsverð sveifla í fjölda varphænsna þó þau séu færri í enda tímabilsins, rúmum 21%, miðað við upphafs fjöldann. Refum hefur fækkað niður í ekki neitt frá 2008 og minkum hefur fækkað um tæp 76%, aðallega í tveimur stökkum frá 1998 til 2000 og svo frá 2009 til 2011 eftir snarpa uppsveiflu milli 2007 og 2009. Svínnum hefur einnig fækkað um tæp 83% á tímabilinu þó að fjöldi þeirra hafi verið

stöðugur frá 2006. Hlutfallslegur fjöldi hrossa og nautgripa hefur nokkurn veginn breyst í takt þó hrossum hafi fækkað hlutfallslega meira, eða um tæp 30%, en nautgripum um rúm 15%.



**Tafla 8.1.4 Fjöldi búpenings á Austurlandi 1998 - 2012**



	Nautgripir	Sauðfé	Hross	Varphænsni	Svín	Minkar	Refir
1998	5.474	76.864	4.621	6.734	75	9.352	1.511
1999	5.408	78.468	4.356	5.140	71	6.734	1.224
2000	4.475	74.786	3.377	4.758	56	5.308	1.043
2001	4.783	76.994	3.753	6.180	73	5.336	1.085
2002	4.513	76.244	3.724	7.982	49	5.911	972
2003	4.380	75.381	3.355	3.515	30	6.322	636
2004	3.834	73.934	3.040	1.504	25	5.362	305
2005	4.065	74.254	2.989	706	23	5.586	250
2006	3.904	74.287	2.933	6.500	12	4.940	105
2007	4.366	76.731	3.260	8.478	12	3.725	88
2008	4.649	77.870	3.177	5.148	11	5.575	-
2009	4.742	79.417	3.268	6.681	11	6.205	-
2010	4.830	80.680	3.394	8.302	13	3.629	-
2011	4.824	79.218	3.417	5.831	12	2.069	-
2012	4.638	79.311	3.240	5.291	13	2.260	-

Heimild: Hagstofa Íslands



**Greiðslumark sauðfjár og mjólkur eftir sveitarfélögum.**

Hlutfall greiðslumarks mjólkur og sauðfjár á Austurlandi af heildargreiðslumarki alls landsins árið 2013 var 4,2% fyrir mjólk og 15% fyrir sauðfé. Heildargreiðslumark fyrir bæði mjólk og sauðfé lækkaði á Austurlandi milli árana 2010 og 2013, 1,0% samdráttur á greiðslumarki sauðfjár og 2,4% samdráttur á greiðslumarki mjólkur. Til samanburðar var samdráttur í greiðslumarki mjólkur fyrir landið allt 0,22% milli árana 2010 og 2013 en greiðslumark sauðfjár hélst óbreytt.



Á Austurlandi var langmesta hlutdeild greiðslumarks mjólkur og sauðfjár af heildargreiðslumarki landshlutans árið 2013 á Fljótsdalshéraði, 61% hlutdeild greiðslumarks mjólkur og 49% hlutdeild greiðslumarks sauðfjár. Næstmesta hlutdeildin var í Vopnafjarðarhreppi, 15% hlutdeild fyrir greiðslumark mjólkur og 11% fyrir greiðslumark sauðfjár. Minnsta hlutdeild var í Seyðisfjarðarkaupstað, 1,3% í greiðslumarki sauðfjár og 2,9% í greiðslumarki mjólkur. Þá eru hvorki Fljótsdalshreppur né Borgarfjarðarhreppur taldir með því þar var ekkert greiðslumark mjólkur árið 2013.



Í einu sveitarfélagi, Fljótsdalshreppi, hækkaði greiðslumark sauðfjár milli árána 2010 og 2013. Í öðrum sveitarfélögum á Austurlandi lækkaði greiðslumark sauðfjár nema í Seyðisfjarðarhreppi og Vopnafjarðarhreppi þar sem það hélst óbreytt. Hlutfallsaukningin í Fljótsdalshreppi var 5,7% en mesta hlutfallslækkunin var í Breiðdalshreppi, 9,1%.



Í þremur sveitarfélögum hækkaði greiðslumark mjólkur og var hlutfallsaukningin mest í Djúpavogshreppi, 29%. Greiðslumarkið hækkaði einnig í Seyðisfjarðarkaupstað og í Fjarðarbyggð. Mesta hlutfallslækkunin var hins vegar á Fljótsdalshéraði, 7,1%, og þá var hlutfallslækkunin í Vopnafjarðarhreppi og Breiðdalshreppi jöfn hækkuninni fyrir landið allt.



### Greiðslumark sauðfjár og mjólkur á Austurlandi 2010 og 2013

Númer	Sveitarfélag	Greiðslumark mjólkur			Greiðslumark sauðfjár		
		2010	2013	Breyting	2010	2013	Breyting
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	132.467	141.145	6,55%	696,1	696,1	0,00%
7300	Fjarðabyggð	208.577	212.619	1,94%	4.855,3	4.826,3	-0,60%
7502	Vopnafjarðarhreppur	735.041	733.460	-0,22%	6.249,1	6.249,1	0,00%
7505	Fljótsdalshreppur	0	0	0,00%	5.581,9	5.902,4	5,74%
7509	Borgarfjarðarhreppur	0	0	0,00%	2.825,0	2.701,0	-4,39%
7613	Breiðdalshreppur	339.403	338.673	-0,22%	2.810,5	2.555,6	-9,07%
7617	Djúpavogshreppur	334.689	432.584	29,25%	5.618,7	5.318,7	-5,34%
7620	Fljótsdalshérað	3.194.440	2.966.380	-7,14%	26.803,0	26.634,2	-0,63%
Austurland		4.944.617	4.824.861	-2,42%	55.439,6	54.883,4	-1,00%




Heimild: Bændasamtök Íslands, Matvælastofnun

## 8.2 Fiskveiðar

Á árunum 2003-2012 voru talsverðar sveiflur í aflamagni austfirskra skipa í öðrum tegundum en uppsjávartegundum.


Aflamagn í lok þessa tímabils var þó að nálgast það sem var á árinu 2003, um 30 þúsund tonn, sjá mynd 8.2.1. Misjafnt er hvernig þróunin hefur verið eftir stöðum. Á Seyðisfirði, Neskaupstað, Fáskrúðsfirði og Borgarfirði eystri hefur afli verið tiltölulega stöðugur, þó frekar samdráttur en hitt. Á Vopnafirði og Eskifirði varð verulegur samdráttur á árunum 2007 og 2008 og lítil breyting eftir það en á Stöðvarfirði, Djúpavogi og Breiðdalsvík hefur afli vaxið nokkuð seinustu árin. Langstærsta verstöðin er Neskaupstaður með um 7.700 tonn og þá Djúpivogur með um 4.700 tonn.

Nokkuð áþekkar sveiflur koma fram ef litið er á annars vegar þorsk, ýsu, ufsa og karfa og hins vegar þorsk eingöngu. Sveiflur eru hlutfallslega mun meiri ef litið er á þorskafla eingöngu. Þorskafla vex mjög hratt um þessar mundir og var orðinn jafn mikill á árinu 2012 eins og í upphafi tímabilsins, árið 2003. Því má gera ráð fyrir að frekari aukning í þorskkvóta muni hafa




umtalsverð jákvæð áhrif á Austfjörðum. Sjá myndir 8.2.2 og 8.2.3.

Verkað magn á Austurlandi hefur minnkað verulega allt frá árinu 2004 og sú þróun virðist ekki hafa breyst þrátt fyrir verulega aukningu á afla skipa í landshlutanum síðustu ár eins og komið er fram. Verkun tegunda annarra en uppsjávartegunda er orðin hverfandi lítil á Vopnafirði, Stöðvarfirði, Reyðarfirði og




Eskifirði, samanborið við það sem var í upphafi tímabilsins. Verkun hefur enn fremur dregist verulega saman í Neskaupstað, Borgarfirði eystri og Breiðdalsvík. Á hinn bóginn hefur vinnsla verið stöðug á Fáskrúðsfirði og á Djúpvogi hefur hún aukist verulega. Á tímabilinu varð Djúpvogur jafnframt stærsta verkunarstöðin í landshlutanum, sjá mynd 8.2.4.

Vaxandi hluti afla af skipum úr landshlutanum er nú verkaður utan heimahafnar, um 43,6% á árinu 2012. Um 36,8% hluti var verkaður í heimahöfn á sama tíma og um 11% hluti var verkaður á vinnsluskipum. Nokkuð er enn sent út í gámum frá Austurlandshöfnum, sem væntanlega skýrist m.a. af góðum skipasamgöngum.




**Mynd 8.2.6 Verkaður afli - afli skráðra skipa 2003-2012**  
**Allar tegundir aðrar en uppsjávarfiskur (t)**




Á yfirliti yfir samanburð á veiddum afla á skipum skráðum á Austfjörðum og verkun eftir stöðum á Austurlandi má sjá að Djúpivogur var eini staðurinn þar sem verkað var mun meira en afli skipa segir til um. Á hinum stöðunum var verkun í jafnvægi við afla eða að talsverður afli var verkaður utan heimahafnar skipa. Neskaupstaður skar sig nokkuð úr að þessu leyti og reyndar Stöðvarfjörður árin 2011 og 2012. Í heildina var afli sem fór til verkunar utan landshlutans mjög vaxandi frá 2008 og var yfir 13 þúsund tonn á árinu 2012. Sjá mynd 8.2.6.

### Uppsjávarfiskur


Veiði og verkun uppsjávartegunda er afar mikilvægur atvinnuvegur á Austurlandi og miðað við afla er vægið mest á Norðfirði og Eskifirði en einnig er mikil veiði á skipum frá Vopnafirði og Fáskrúðsfirði. Í heildina var afli hratt vaxandi á árunum 2011-2012 eftir lægð árin 2009 og 2010. Á samanburði á myndum af afla uppsjávarfisks, mynd




8.2.8 og annarra tegunda, mynd 8.2.5, má sjá að staðan við vinnslu uppsjávarfisks var önnur þar sem hún fór að langmestu leyti fram í heimahöfn skipa. Enda hefur vinnsla verið byggð upp og tæknivædd verulega, með aukna áherslu á frystingu og verðmætasköpun.



Mikil verkunargeta kemur enn betur í ljós þegar bornar eru saman tölur um afla austfirskra skipa og verkað magn eftir stöðum og voru vinnslur þessara staða ýmist að taka allt veitt magn eða bæta við sig verulegu magni umfram veiðar skráðra skipa. Sjá myndir 8.2.7 og 8.2.9. Þeir staðir sem verkuðu mest af skipum skráðum annars staðar voru Vopnafjörður, Seyðisfjörður og Neskaupstaður.




Í landshlutanum í heild voru verkuð um 150 þúsund tonn af uppsjávarfiski umfram afla austfirskra skipa eins og sést á mynd 8.2.10.






Ef veiðar á makríl eru skoðaðar sérstaklega má sjá að frá árinu 2008 hafa þær verið austfirskum útgerðum mjög mikilvægar. Heildarafli skipa í landshlutanum hefur verið um eða yfir 30 þúsund tonn á ári. Mest hafa veitt skip frá Neskaupstað en Eskifjarðarskip hafa einnig veitt mjög mikið. Þá hafa skip frá Fáskrúðsfirði og Vopnafirði beitt sér verulega við þessar veiðar eins og fram kemur á mynd 8.2.11. Skip frá öðrum höfnum hafa aðeins veitt óverulegt magn og sama má segja um minni skip og báta (skip önnur en skip með aflamark og togarar).




### Strandveiðar

Strandveiðar voru stundaðar á tæplega 130 bátum á Austurlandi sumarið 2012. Aflinn var um 1.400 tonn sumrin 2012 og 2013. Áberandi er að aflinn er takmarkaður, t.d. borið saman við afla báta á krókaafلامark, enda miklar takmarkanir á sókn og dagsafli strandveiðibáta. Sjá myndir 8.2.12 og 8.2.13.




**Mynd 8.2.13 Afli smærri báta á Austurlandi (t)**




Nokkuð er misjafnt hvort afla er landað í heimahöfn, mest var landað á Stöðvarfirði og Djúpavogi, sbr. myndir 8.2.14 og 8.2.15. Í heildina virðist vera jafnvægi á milli afla skráðra báta og þess afla sem landað var á Austurlandi.

**Mynd 8.2.14 Strandveiðar eftir heimahöfn báta (t)**




**Mynd 8.2.15 Strandveiðar eftir löndunarhöfn báta (t)**




### Úthlutaðar aflaheimildir




Myndir 8.2.16 og 8.2.17 sýna annars vegar úthlutun í þorski með sérstakri úthlutun (skelbótum o.fl.) og hins vegar úthlutun í ÞÍG með jöfnun (þ.m.t. bótum). Á fiskveiðiárunum 2012/2013 og 2013/2014 er jöfnun þó ekki með, einungis bætur. Ártal á við seinni hluta kvótaársins.




Úthlutaðar heimildir í þorski og þorskígildum fara vaxandi á Austurlandi eftir mikla lægð 2008-2011. Hlutfall heimilda er nú talsvert lægra en á árinu 1991, eða um 8%.



Útgerðir á Austurlandi eru mjög sterkar þegar kemur að heimildum í uppsjávartegundum. Á milli 32 og 33% loðnukvótans eru á skráðum skipum í landshlutanum, um 23% af íslenski síld, 57% í kolmunna og á milli 32 og 33% í norsk-íslenski síld. Mestar heimildir eru á skipum frá Norðfirði. Sjá myndir 8.2.18 – 8.2.21.



Mikilvægi fiskveiða á Austfjörðum fyrir Austurland og þjóðarbúið allt er viðfangsefni í skýrslu sem Ásgeir Friðrik Heimisson vann fyrir Austurbrú og birt var í júlí 2014 undir heitinu *Umfang sjávarútvegs á Austfjörðum*.



<sup>31</sup> Í skýrslunni segir: „Markmiðið með skýrslunni var að reyna að meta umfang sjávarútvegs á Austfjörðum og komast að því hversu umfangsmikill hann er fyrir hagkerfið í heild sinni og hagkerfi Austurlands.“ Í skýrslunni er sýnt fram á að framleiðni er meiri í sjávarútvegi á Austfjörðum en t.d. á Faxaflóasvæðinu og að hann byggist mjög á veiði uppsjávarfisks. Þá er rakin þýðing sjávarútvegs á Austfjörðum fyrir aukin lífsgæði.

### 8.3 Fiskeldi

Fimm fiskeldisstöðvar eru skráðar á Austurlandi. Þær eru allar litlar með um eða innan við 100 tonna framleiðslu þessar stærstu. Vonir eru

**Mynd 8.3.1 Fiskeldisstöðvar á Austurlandi 2014**

staður	eldisfiskur	gerð	stærð, tonn
Berufjörður	lax og regnbogasilungur	kvíaeldi	300
Mjóifjörður	kræklingur		< 5
Breiðdalur	lax, villtur	klakstöð	< 5
Stöðvarfjörður	þorskur	kvíaeldi	85

Heimild: Mast

bundnar við fiskeldi í landshlutanum og má reikna með að framleiðsla fiskeldisstöðva nemi einhverjum þúsundum tonna innan fárra ára. Mestar væntingar eru bundnar við eldi laxfiska en ein stöð í Stöðvarfirði sérhæfir sig í þorskeldi.

Fjöldi starfsmanna við fiskeldi á þessu svæði er um 8 auk afleiddra starfa.

<sup>31</sup> [http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2014/140807\\_umfang-sjavarutvegs-a-austfjordum-1.pdf](http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2014/140807_umfang-sjavarutvegs-a-austfjordum-1.pdf)

## 9 Stoðkerfi

### 9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Hér er umfjöllun um stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar takmörkuð við stuðning ríkisins við byggða- og atvinnuþróun. Sérstaklega er þó fjallað um vaxtar- og menningarsamninga í kafla 10. Ekki er fjallað um beinan stuðning við atvinnugreinar með eða án aðildar ríkisvaldsins.

#### Samningur um atvinnu- og byggðapróun

Átta landshlutasamtök sveitarfélaga og átta atvinnuþróunarfélög, þar af tvö á Norðurlandi eystra, sem í flestum tilvikum eru nátengd landshlutasamtökunum, hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að koma stefnu ríkisins í byggðamálum í framkvæmd á landshlutavísu. Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélög hafa gert samning og framlengt hann um árabil með fjármagni sem veitt er af fjárlagalið Byggðastofnunar.

Samningur Byggðastofnunar og Austurbrúar ses.<sup>32</sup> nær til starfssvæðis félagsins, 7 sveitarfélaga, Vopnafjarðarhrepp, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhrepp, Seyðisfjarðarkaupstað, Fjarðabyggð, Breiðdalshrepp og Djúpavogshrepp, og hefur gildistíma frá 2013 til ársloka 2017. Í honum er Austurbrú nefnt *félagið* og þar segir í 1. gr. „Forsendur samningsins eru *lög um Byggðastofnun nr.106/1999 og reglugerð um Byggðastofnun nr.347/2000*, stefnumótandi byggðaáætlun og Sóknaráætlun Austurlands.“ Hlutverk sambands sveitarfélaga er samkvæmt þessu að samþætta áætlanir ríkis og landshlutans eins og fram kemur í 2. gr., um markmið samningsins, sem eru:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðapróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félags m.a. í samræmi við Sóknaráætlun Austurlands.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðarþróunar milli samningsaðila.

Í 3. grein samningsins er skilgreining á hlutverki Austurbrúar í stoðkerfinu, að félagið vinni m.a. að eftirtöldum verkþáttum:

- a) *Atvinnu- og byggðapróun*
- b) *Atvinnuráðgjöf*
- c) *Nýsköpun*
- d) *Búsetuþáttum*
- e) *Upplýsingaöflun*
- f) *Endurmenntun, samstarf o.fl.*

Í 6. gr. samningsins er lýst eftirfylgni og segir þar m.a.: „Félagið skal fyrir lok marsmánaðar ár hvert skila Byggðastofnun ársreikningi fyrir næstliðið ár, skýrslu um starfsemi félagsins á næstliðnu ári og starfsáætlun fyrir nýhafið ár.

Í starfsáætlun skal samþætta áherslur félagsins við forsendur og markmið samnings þessa sem fram koma í 1. og 2.gr. Í áætluninni skal gerð grein fyrir helstu markmiðum og áherslum á árinu, með hvaða hætti gert er ráð fyrir að vinna að þeim á árinu, starfsmannahaldi og ráðstöfun fjármuna sem til starfseminnar renna (fjárhagsáætlun). Í starfsáætlun skal félagið einnig setja fram almenn árangursmarkmið.“

---

<sup>32</sup> Byggðastofnun: Samningur um atvinnu og byggðapróun.

Samkvæmt samninginum um atvinnu- og byggðapróun fékk Austurbrú til ráðstöfunar um 22 milljónir króna á ári starfsárin 2012 og 2013.<sup>33</sup> Þessir fjármunir nýtast aðallega til reksturs starfseminnar.

## 9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra

Við mótun Ísland 2020 stefnuskjalsins setti forsætisráðuneytið fram tillögu um einföldun, fækkun og samþættingu lögbundinna stefna og áætlana<sup>34</sup> þannig að unnar yrðu heildstæðar tillögur að breyttu skipulagi og aðferðarfræði við stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnarsýslunnar samhliða vinnu við gerð fjárfestingaráætlunar til langs tíma og sóknaráætlanir landshluta. Markmiðið með tillögunni var að bæta yfirsýn og bæta vinnubrögð m.a. með því að fækka lögbundnum stefnum og áætlunum, tengja stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta betur við undirbúning fjárlaga og tryggja að árangursmat og eftirlit sé alltaf fyrir hendi.

Tillögunum fylgdi eftirfarandi skrá yfir lögbundnar stefnur og áætlanir til samþættingar og einföldunar:

- Samgönguáætlun
- Samskiptaáætlun
- Byggðaaáætlun
- Ferðamálaáætlun
- Heilbrigðisáætlun
- Löggæsluáætlun
- Skipulagsáætlun
- Orkustefna
- Menntastefna
- Velferð til framtíðar, stefnumörkun Íslands á sviði sjálfbærrar þróunar
- Netríkið Ísland, stefna um upplýsingasamfélagið
- Áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins
- Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði
- Þingsályktun í málefnum innflytjenda
- Þingsályktun í jafnréttismálum
- Þingsályktun í málefnum barna og ungmenna

## 9.3 Sóknaráætlun 2013

Samningur um framkvæmd sóknaráætlunar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 2013 var undirritaður af fjármálaráðherra og formanni Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 22. mars 2013.<sup>35</sup> Þar er m.a. kveðið á um að til sóknaráætlunarinnar renni kr. 35,5 milljónir af fjárlagalið 09-992 á árinu 2013. Fjármunir til Sóknaráætlunar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi voru ákveðnir samkvæmt reiknireglu stýrinets stjórnarráðsins 2013.<sup>36</sup>

Af hálfu stýrinets stjórnarráðsins um sóknaráætlanir<sup>37</sup> var lögð áhersla á þrjá efnisflokka<sup>38</sup> fyrir sóknaráætlanir landshlutanna 2013:

- Atvinnumál og nýsköpun.
- Mennta- og menningarmál.
- Markaðsmál.

<sup>33</sup> Byggðastofnun. Greiðslur til atvinnuþróunarfélaganna 2012 og 2013.

<sup>34</sup> <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/tillogur/nr/4555>

<sup>35</sup> [http://www.stjornarrad.is/media/sl/Samningur\\_samband-sveitarfelaga-a-austurland\\_22.mars\\_2013.pdf](http://www.stjornarrad.is/media/sl/Samningur_samband-sveitarfelaga-a-austurland_22.mars_2013.pdf)

<sup>36</sup> <http://www.stjornarrad.is/media/rikisstjorn/skipting-framlaga.pdf>

<sup>37</sup> <http://www.stjornarrad.is/sl/soknaraetlanir-landshlutanna/abyrgd-og-hlutverk-styrinetsins/>

<sup>38</sup> Skapalón fyrir sóknaráætlun landshluta. Stýrinet stjórnarráðsins um sóknaráætlanir, 30.10.2012. Byggðastofnun.

Í samningi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi eru tilgreind 7 verkefni í þessum áhersluflokkum til útfærslu<sup>39</sup>:

1. *Markaðssetning Austurlands*. Að vinna ítarlega greiningu á því hvernig best megi markaðssetja Austurland.
2. *Uppfærsla upplýsingavefs*. Að uppfæra og koma á framfæri annars vegar Austurlandshluta vefsíðu Íslandsstofu og hins vegar vef Austurbrúar.
3. *Markaðssetning með áherslu á Egilsstaðaflugvöll*. Að fjölga ferðamönnum, sérstaklega þeim sem koma með millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll og verður ráðinn sérstakur verkefnisstjóri í því skyni.
4. *Kynning á almenningssamgöngum*. Að fjölga notendum almenningssamgangna með víðtækri kynningu.
5. *Efling skapandi greina á Austurlandi*. Að þróa og vinna vörur úr staðbundnum hráefnum.
6. *Atvinnumálaráðstefna*. Að fá heildstæða sýn og greiningu á möguleikum Austurlands til atvinnuuppbyggingar á öllum sviðum. Haldin verður umfangsmikil ráðstefna/vinnustofa um tækifæri og möguleika Austurlands með þátttöku innlendra og erlendra sérfræðinga.
7. *Fjölbreyttara námsframboð í skapandi greinum*. Að þróa nám á framhalds- og háskólastigi í skapandi greinum á Austurlandi. Stefnt er að því að í framtíðinni verði boðið uppá diplómanám í nýtingu á staðbundnum hráefnum.

Samkvæmt 5. gr. samningsins um sóknaráætlun var 40% samningsupphæðar hans greidd við undirritun og önnur 40% í kjölfar funda um framvindu allra verkefna og mat á þeim sem stýrinet stjórnarráðsins gekkst fyrir þann 24. og 25. september 2013 með fulltrúum hverrar sóknaráætlunar. Lokagreiðsla, 20%, mun verða greidd í kjölfar staðfestingar stýrinetsins til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins á að landshlutasamtökin hafi staðið við skilyrði samningsins og skilað endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri fyrir 1. september 2014. Forsenda fyrir lokagreiðslu er að landshlutasamtökin hafi uppfyllt skilyrði fjárveitingarinnar og samningsins.

## 9.4 Þekkingarsetur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gert samninga til þriggja ára við háskóla- og nokkur þekkingarsetur.<sup>40</sup> Auk þess starfrækir Háskóli Íslands rannsóknasetur á nokkrum stöðum á landinu. Þekkingarsetrin eru mikilvægur þáttur stoðkerfisins í hverjum landshluta og skrá yfir þau er í kafla 2.3.

<sup>39</sup> [http://www.stjornarrad.is/media/sl/Verkefni-2013-yfirlit\\_220313.pdf](http://www.stjornarrad.is/media/sl/Verkefni-2013-yfirlit_220313.pdf)

<sup>40</sup> <http://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/samningar/haskola--og-visindamal/>



## 10 Verkefna- og menningarsamningar

### 10.1 Vaxtarsamningur

Vaxtarsamningur Austurlands 2010-2013<sup>41</sup> milli Iðnaðarráðuneytisins og Þróunarfélags Austurlands var undirritaður í febrúar 2010 með gildistíma til ársloka 2013.

Markmið samningsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á starfssvæði Þróunarfélags Austurlands og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins.

Leiðir að þessu markmiði eru tilgreindar í samninginum:

- 1 Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
- 2 Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
- 3 Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
- 4 Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
- 5 Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- 6 Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Í samninginum er lögð áhersla á uppbyggingu klasa og framgang rannsókna og þróunar á sviði náttúru og sjálfbærni og að áherslur og markmið geti breyst vegna stefnumótunar og samþættingar áætlana á grundvelli Sóknaráætlunar 2020.

Vaxtarsamningur Austurlands styrkti 28 verkefni á árunum 2012 og 2013 og skrá yfir þau má sjá í viðauka 1.

### 10.2 Menningarsamningur

Menningarsamningur milli mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðarráðherra og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, fyrir hönd sveitarfélaganna átta á starfssvæði sambandsins, var undirritaður í apríl 2011 með gildistíma til ársloka 2013.<sup>42</sup> Samningurinn er um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu í þeim tilgangi að beina í einn farveg styrkveitingum ríkisins til þess að efla slíka starfsemi í landshlutanum og gera hana sem sýnilegasta. Markmiðin eru fjögur:

- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.

Með samninginum er sveitarfélögum á Austurlandi gert að standa að Menningarráði Austurlands í samræmi við gildandi samstarfssamning sveitarfélaganna og kveðið á um að hlutverk ráðsins sé meðal annars að samræma aðgerðir á sviði menningarmála í landshlutanum og standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum og nýsköpun sem meðal annars styðji við menningartengda ferðaþjónustu. Þá er menningarráðinu gert að setja fram stefnu og áætlun um hvernig það hyggst starfa að markmiðum samningsins, að úthluta styrkjum til menningarverkefna á Austurlandi samkvæmt úthlutunarreglum sem það setur og birtir og að hafa eftirlit með framkvæmd styrktra verkefna. Framlag til samningsins er áætlað 44,5 m.kr. á ári og skiptist þannig að Mennta- og menningarmálaráðuneyti leggur til 26,1 m.kr., Iðnaðarráðuneyti leggur til 5,7 m.kr. og sveitarfélögin

<sup>41</sup> [http://austur.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1&Itemid=7&lang=is](http://austur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=1&Itemid=7&lang=is)

<sup>42</sup> <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5956>

á Austurlandi leggja sameiginlega til að lágmarki sem næst 40% af framlögum ráðuneyta eða sem nemur 12,7 m.kr.

Stefna í menningarmálum á Austurlandi var samþykkt árið 2000 og sameinuðust öll sveitarfélög í landshlutanum um gerð hennar. Í stefnunni var mótað það samstarf sveitarfélaganna sem unnið hefur verið eftir síðan, t.d. um heildarsamning við ríkið, myndun Menningarráðs Austurlands og þjónustusamning við Gunnarsstofnun um störf fyrir Menningarráðið. Samstarfssamningur um menningarmál, milli Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Menntamálaráðuneytis, var fyrst gerður árið 2001 og hefur síðan verið endurnýjaður nokkrum sinnum.

Í tengslum við menningarsamning ríkisins og sveitarfélaga á Austurlandi gerðu sveitarfélögin með sér samning í apríl 2011 um menningarmál í landshlutanum.<sup>43</sup> Í samninginum segir: „Tilgangur samningsins er að beina styrkveitingum ríkisins og sveitarfélaga á Austurlandi til menningararfs í farveg til þess að efla slíkt starf á Austurlandi og gera það sem sýnilegast. Jafnframt er með samningi þessum stuðlað að eflingu byggðar og auknum lífsgæðum með því að styrkja fjölbreytt menningarlíf og atvinnuuppbyggingu/starfsemi á sviði menningar og lista.“ Markmið samningsins er tilvísun til markmiðsgreinar í samningi ríkisins og sveitarfélaganna, að:

- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.

Í samninginum er m.a. kveðið á um hlutverk og starfshætti Menningarráðs Austurlands og um þrjár menningarmiðstöðvar á Austurlandi,

- Skaftfell, menningarmiðstöð á Seyðisfirði. Sérhæfni: Myndlist.
- Kirkju- og menningarmiðstöð í Fjarðabyggð (Eskifirði). Sérhæfni: Tónlistarflutningur og sýningahald.
- Menningarmiðstöð á Fljótsdalshéraði (Egilsstaðir): Sérhæfni: Sviðslistir.

Menningarráð Austurlands setti fram stefnu, markmið og leiðir fyrir árin 2009-2014 í *Menningarstefna í þágu samfélagsins* árið 2009.<sup>44</sup> Stefnan er sú að „Undir forystu Menningarráðs Austurlands verði sótt fram á fjölmörgum sviðum menningarstarfs og stuðlað að aukinni vitund íbúanna, annarra landsmanna og gesta Austurlands um fjölbreytt og gróskumikið mannlíf í landshlutanum“. Og markmiðið: „Að starf Menningarráðs Austurlands beinist að því að auka samstarf í menningarmálum á allan hátt, bæta möguleika fólks á að lifa af listsköpun sinni og öðru starfi að menningarmálum, auka nýsköpun í menningarmálum og síðast en ekki síst vinna að öflugri kynningu á austfirskri listsköpun og menningarsamstarfi.“

Í matsskýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, *Úttekt á framkvæmd menningarsamninga 2011-2013*<sup>45</sup>, segir m.a.: „Þegar litið er til árangurs af framkvæmd samninganna er það mat úttektaraðila að árangur af framkvæmdinni sé umtalsverður og ekki verður annað séð, af þeim gögnum sem aflað var, en að fyrirkomulag stjórnunar og úthlutun fjármagns sé í samræmi við ákvæði samninganna og úthlutunarreglur á hverju svæði fyrir sig.... Ekki kemur á óvart að það svæði sem býr yfir mestri reynslu og þekkingu nái hæstu einkunn í samræmdu mati ráðgjafa. Austurland er þroskaðasta svæðið og hefur náð lengst í að þróa og útfæra sín verkefni.“

<sup>43</sup> [http://www.meningarrad.is/images/stories/samningar/samn\\_sveitarfel\\_meningarm.pdf](http://www.meningarrad.is/images/stories/samningar/samn_sveitarfel_meningarm.pdf)

<sup>44</sup> <http://www.meningarrad.is/images/stories/samningar/menningarstefna%20austurlands%202009-2014.pdf>

<sup>45</sup> <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=DCF68D4F9DD7086300257COD0056678B&action=openDocument>

Verkefna-, stofn- og rekstrarstyrki Menningarráðs Austurlands frá 2002 má sjá á heimasíðu Menningarráðsins.<sup>46</sup> Á árunum 2012-2013 veitti ráðið 156 verkefna-, stofn- og rekstrarstyrki og skrá yfir þau verkefni sem styrkt voru má sjá í viðauka 2.

---

<sup>46</sup> [http://www.meningarrad.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=64&Itemid=100014&lang=is](http://www.meningarrad.is/index.php?option=com_content&view=article&id=64&Itemid=100014&lang=is)

## 11 Fjölbjóðlegt samstarf

Fjölbjóðlegt samstarf stofnana og fyrirtækja á Austurlandi er víðtækt, m.a. þátttaka í fjölbjóðlegum samstarfsverkefnum ESB. Á heimasíðu samstarfshóps styrkjaáætlana sem fá framlög frá ESB má sjá kort með landshlutagreindum upplýsingum um verkefni og verkefnastyrki.<sup>47</sup>

Verkefnabátttaka er á Austurlandi í einni verkefnaáætlun af þeim sem Byggðastofnun hefur umsjón með, NORA, NPP og ESPON.

### 11.2 NPP, Norðurslóðaáætlunin

**NPP, Norðurslóðaáætlunin**, er samstarfsáætlun ESB og aðildarlanda að áætluninni um verkefnasamstarf. Starfssvæðið er norðurhluti Finnlands og Svíþjóðar, norðvesturhluti Noregs, Skotlands og Írlands og Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður-Írland.

Aðalverkefni á starfstímabilinu 2007-2013 sem samþykkt höfðu verið í október 2013 með þátttöku á Austurlandi eru:

*Economuseum Northern Europe.*<sup>48</sup>

Samstarfsverkefni Íslands, Færeyja, Norður-Írlands, Írlands, Noregs og Kanada. Íslenskir þátttakendur eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Höfn Hornafirði og Fræðslunet Austurlands.

*NEED, Northern Environment Education Development.*<sup>49</sup>

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Noregs og Írlands. Íslenskir þátttakendur eru Fræðasetur Háskóla Íslands í Höfn Hornafirði, Háskólasetrið á Húsavík, Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum, Þróunarfélag Austurlands, Kirkjubæjarstofa, Þjóðgarðurinn Skaftafell og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárhreppur, Fljótsdalshérað og Norðurþing.

*Solutions for competitive pellet production in medium size enterprises – PELLETTime.*<sup>50</sup>

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands og Skotlands. Íslenskir þátttakendur eru Héraðsskógar, Austurlandsskógar og Skógrækt ríkisins.

*Rural Transport Solutions. – RTS.*<sup>51</sup>

Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Íslands. Íslenskir þátttakendur eru Þróunarstofa Austurlands og Fjarðabyggð í samstarfi við Vegagerðina.

*Solutions for Microgeneration to Allow Energy Saving Technology - SMALLEST.*<sup>52</sup>

Samstarfsverkefni Skotlands, Finnlands, Norður-Írlands, Færeyja, Svíþjóðar, Íslands og Grænlands. Íslenskur þátttakandi er Þróunarstofa Austurlands í samstarfi við fjölmarga aðila innan orkugeirans.

*Sustainable Transport in Rural Tourism Areas – Trans Tourism.*<sup>53</sup>

Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Skotlands, Norður-Írlands, Írlands og Íslands. Íslenskur þátttakandi er Þróunarstofa Austurlands í samstarfi við samgöngu- og ferðaþjónustuaðila.

<sup>47</sup> <http://evropusamvinna.is/kort/>

<sup>48</sup> [www.economusee.no](http://www.economusee.no)

<sup>49</sup> [www.uef.fi/need](http://www.uef.fi/need)

<sup>50</sup> [www.pellettime.fi](http://www.pellettime.fi)

<sup>51</sup> [www.rtsnpp.eu](http://www.rtsnpp.eu)

<sup>52</sup> [www.smallestnpp.eu](http://www.smallestnpp.eu)

<sup>53</sup> [www.transtourism.eu](http://www.transtourism.eu)

## Viðaukar

### Viðauki 1: Verkefnaskrá vaxtarsamnings 2012-2013

#### Skrá yfir styrkt verkefni 2012<sup>54</sup>

1. *Bragðaukar með austfirsku hráefni.*
2. *Hunting specialists.*
3. *Jarðvangurinn Austurland – rannsóknartækifæri.*

#### Skrá yfir styrkt verkefni 2013<sup>55</sup>

1. *Austfirsk vörulína.*
2. *Fenrir módel- bátasmíði.*
3. *Fullvinnsla uppsjávarfiska II.*
4. *Make by Þorpið – Hönnunarsamfélag Austurlands.*
5. *Meet the Locals, árstíðir Austurlands.*
6. *Reyking makríls.*
7. *Ævintýri – Skapandi – Alvöru.*
8. *Virðisauki uppsjávarafurða.*
9. *Ull – aukin verðmætasköpun og þróunarvinna.*
10. *ÆSA – gerð myndbands og markaðsefnis.*
11. *Ray Cutter – markaðssetning.*
12. *Sögusetursýning Vopnafjarðar.*
13. *Eldhús Austurlands/Fresh Local Food.*
14. *Sjókall 2.*
15. *Norðurljósasetur á Fáskrúðsfirði.*
16. *Meet the Locals.*
17. *Miðstöð Cittaslow á Íslandi, Djúpavogi.*
18. *Útvegsefning Breiðdalsvíkur.*
19. *Austurland: Designs from Nowhere.*
20. *Sædýragarður Breiðdalsvík.*
21. *Þokusetur Stöðvarfirði.*
22. *Matur og menning á Borgarfirði eystra.*
23. *Efning alþjóðaflugvallarins á Egilsstöðum.*
24. *Ull – aukin verðmætasköpun og þróunarvinna.*
25. *Arfleifð – aukin framleiðsla og sala á Djúpavogi.*

### Viðauki 2: Verkefnaskrá menningarsamnings 2012-2013

#### Eftirtalin verkefni voru styrkt 2012<sup>56</sup>:

1. *Þorpið Hönnunarsamfélag á Austurlandi.* Í samstafi við Glamour. Þorpið hefur það að markmiði að auka fagmennsku á sviði hönnunar í fjórðungnum og hámarka virði staðbundinna hráefna sem Austurland hefur upp á að bjóða.
2. *LungA. Listahátíð ungs fólks á Austurlandi.* Hátíðin er sérstaklega sniðin að óskum ungmenna á aldrinum 16 -25 ára og er því einstök í sinni röð á landsvísu og þó víðar væri leitað. Meginmarkmið LungA er að efla vitund ungmenna um menningu og listir og skapa vettvang til sköpunar.
3. *Tvö tónlistarverkefni.* Þrjú klassískir Austfirðingar og Tónlistarskemmtun í anda Hauks og Ellýjar undir stjórn Erlu Dóru Vogler.
4. *Tvö verkefni, Smiðjuhátíð og Grafíska bomban.* a) Smiðjuhátíð Tæknimínjasafns er árlegur viðburður þar sem megináherslan er lögð á að byggja upp samstarf á milli handverksmanna, reyndra myndlistar- tónlistar- og fjöllistamanna sem og áhugamanna og nemenda á öllum þessum sviðum. b) Grafíska bomban er samstarfsverkefni Tæknimínjasafns, Ríkharðs Valtingojer og Björns Roths þar sem markmiðið er að kenna þátttakendum að vinna í grafískri hönnun, myndgerð, prentun og bókagerð. Tæknimínjasafns Austurlands.

<sup>54</sup> <http://www.austurbru.is/is/thjonusta/fjarmognun/vaxtarsamningur-austurlands/uthlutanir>

<sup>55</sup> <http://www.austurbru.is/is/thjonusta/fjarmognun/vaxtarsamningur-austurlands/uthlutanir>

<sup>56</sup> <http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2012/uthlutun2012.pdf>

5. *Tvö verkefni; Óma Íslandslög, Tónleikar með Óskari Péturssyni tenór, Daníel Þorsteinssyni einleikara og Kór Fjarðabyggðar. Gospelnámskeið og tónleikar.* Óskari Einarsson ásamt tveim öðrum kennurum munu leiða námskeið og tónleika. Kirkju- og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar.
6. *Rímur og rokk.* Markmið verkefnisins er að viðhalda þeirri menningararfleifð sem rímur, ferskeytlur, limrur og þulur eru. Fyrirhugað er að verkefnið verði árlegt og muni fara stækkandi milli ára. Undirbúningur er þegar hafinn við samstarfsaðila í Noregi og á Írlandi. Samstarfsverkefni Kaupvangs á Vopnafirði og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.
7. *Eistnaflug.* Hátíðin leggur áherslu á þungt rokk og aðrar tengdar jaðarstefnur í tónlist. Eistnaflug styður við bakið á ungum og upprennandi sveitum jafnframt því að markaðssetja reyndar hljómsveitir með kynningarstarfi sínu sem og faglegum umbúnaði á sjálfri hátíðinni.
8. *Þjóðleikur, leiklistahátíð unglinga á Austurlandi.* Þjóðleikur hefur verið haldinn tvisvar á Austurlandi og þátttakendur koma allt frá Vopnafirði til Hafnar í Hornafirði. Árið 2012 verða samin þrjú ný leikverk sérstaklega fyrir unga leikendur. Auglýst verður eftir leikhópum og haldin námskeið fyrir leikstjóra, hljóðmenn og fleiri. Samstarfsverkefni fræðsludeildar Þjóðleikhússins og Miðstöðvar sviðslista á Austurlandi.
9. *Götugallerí sumarið 2012.* Listamenn koma m.a. og vinna verk á vegg húss sem byggt verður. Sköpunarmiðstöð á Stöðvarfirði.
10. *Hammondhátíð.* Hátíðin verður haldin í sjöunda sinn í apríl 2012 og er ætlað að kynna Hammondorgelið og tónlist og tónlistamenn sem því tengjast.
11. *Frásagnasafnið.* Seinni hluti. söfnun frásagna allra íbúa sveitarfélaganna Strandabyggðar og Seyðisfjarðar. Samstarfsverkefni standa Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi og Þjóðfræðistofa í Strandabyggð.
12. *Hreindýraland.* Hátíðin er alþjóðleg tilrauna - listahátíð haldin á Austurlandi á hverju ári, stendur í viku og leggur aðaláherslu á vídeólist, hljóðlist, tilraunakvikmyndir, "media art" og allskyns mikilvæga tilraunastarfsemi sem fyrir
13. *Tónlistarnámskeið á Austurlandi. Hljómsveitarnámskeið fyrir ungt fólk.* Makmið er að veita faglega kennslu við útsetningu laga með einföldum hætti og sem flutnings. Samstarf Kirkju- og menningarmiðstöðvar, Brjáns og Djassklúbb Egilsstaða Austurlandi.
14. *Jazzhátíð Egilsstaða á Austurlandi 2012.* Hátíðin verður haldin í Neskaupstað, á Egilsstöðum og Seyðisfirði. Austfirskir tónlistarmenn í bland við listamenn víða að.
15. *Sýnt og sagt frá:* Sýningar á verkum gestalistamanna Skaftfells, uppákomur og verkefni, sýningar á Vesturveggnum og í Bókabúinni og útrás í önnur pláss.
16. *Sögueyjan 2012.* Alþjóðleg sagnahátíð á Austurlandi. Markmiðið er að efla sagnalistina og bjóða upp á skemmtun á heimsmælikvarða. Berglind Ósk Agnarsdóttir og Sögubrot.
17. *Bach, Schubert og fjölbreytt söngtónlist með Kammerkór Egilsstaðakirkju.* Fjölbreyttir söngtónleikar að vori, samstarfstónleikar með norskum kammerkór í október og aðventutónleika með Bach og Schubert.
18. *Þrjú verkefni sem skapast hefur hefð fyrir í Vopnafirði.* a. Skálda- og sagnakvöld að sumarlagi á Vopnafirði tileinkað Sigfúsi Halldórssyni. b. Listamiðjur fyrir börn á menningarhátíðinni; Einu sinni á ágústkvöldi. c. Vopnaskak á Vopnafirði: Viðburðadagur í tengslum við Vopnafirðinga sögu. Menningarnefnd Vopnafjarðar.
19. *Formalin SoundArt Festival.* Formalin-hátíð í sumar þar sem fræðsla, kynning, nýsköpun og tilraunir á sviði hljóðlistar verða í hávegum höfð. Skálar - Miðstöð fyrir hljóðlist og tilraunakennda tónlist á Seyðisfirði.
20. *Sumarsýning: Feðgarnir Þór Vigfússon og Helgi Þórsson sýna í Sláturhúsinu á Egilsstöðum.*
21. *Stríðsárin á Reyðarfirði:* Leikstjórn og sýningar á stuttum sjálfstæðum leikþáttum um hernámsárin á Reyðarfirði á Stríðaárasafninu með það að markmiði að efla ferðaþjónustu og gera sögu staðarins skil í gegnum leiksýningar.
22. *Tónlistarstundir sumarið 2012 í Egilsstaða- og Vallaneskirkju.* Markmiðið með tónleikaröðinni er fyrst og fremst að gefa tónlistarmönnum, tónlistarkennurum og lengra komnum nemendum sem búa á Austurlandi eða tengjast svæðinu tækifæri til þess að koma fram á tónleikum.
23. *Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan.* Hefur verið haldin frá árinu 1998 mun nú í sumar halda uppi fjölbreyttri dagskrá á átta tónleikum í júlí og ágúst.
24. *Kvikmyndahátíð ungs fólks á Austurlandi.* Í samstarfi við hátíðina Laterna Masica í Vesterålen í Noregi verður sett upp sambærileg hátíð á Austurlandi. Vegahúsið á Egilsstöðum.
25. *Kvöldvökur í gönguvíkunni Á fætur í Fjarðabyggð.* Samstarf margra aðila þar sem tónlistamenn, sögumenn og aðrir koma fram á kvöldvökum í gönguvíkunni.

26. *Jólatónleikarnir Jólafriður*. Flutt verða gömul og ný jólalög í dægurlagaútsetningum með kór, einsöngvurum og stórhljómsveit. Áhersla á þátttöku tónlistarfólks af Austurlandi.
27. Hönnun á fyrstu fatalínu Sigrúnar Höllu Unnarsdóttur. Meistaraverkefni Sigrúnar á síðasta ári þar sem hún vann m.a. með austfirskt hreindýraleður vakti athygli. Sigrún Halla Unnarsdóttir.
28. *Fjöllistanámskeið í Fjarðabyggð*. Unnið með fjölbreytilegt listform s.s. loftfíleika, boltalistir, dans, leiklist, tónlist, förðun, búningagerð. Áhugamannafélagið Circus Atlantis.
29. *Danskennsla á Egilsstöðum sumarið 2012*. Þar gefst börnum og fullorðnum kostur á þátttöku í dansnámskeiðum sem lýkur með sýningu í ágúst. Dansstúdíó Emelíu.
30. *Norsku tengslin*. Markmið að efla tengslin við Noreg í tengslum við sjómanna dagshelgina. Tónlistarmenn frá Vesterålen í Noregi halda tónleika. Og kynnt verður útgerðasaga Norðmanna á Eskifirði sem hófst um 1880. Sjómanna dagsráð Eskifjarðar
31. Tvö verkefni: a. *Mæðgin og feðgar*, í Sláturhúsinu. Sumarsýning listamannanna og feðganna Þórs Vigfússonar og Helga Þórssonar og mæðginanna Ólafar Birnu Blöndal og Sveins Snorra Sveinssonar. b. *Alþjóðleg kvikmyndahátíð*. Riff á Austurlandi.
32. *Leikþættir úr Hrafnkels sögu Freysgoða*. Setja á upp leikverk Valgeirs Skagfjörð um Hrafnkels sögu Freysgoða m.a. til þess að eiga kvöldstundir með ferðamönnum og til að ferðast með í skólana.
33. *VegaReiði 2012*. Ungmennatónleikar þar sem starfandi hljómsveitir af svæðinu spila ásamt gestahljómsveitum. Vegahúsið í samstarfi við Kormák Mána og Hafþór Mána.
34. *LOVETANK*. Myndlistasýning Sylvíu Daggar Halldórsdóttir í samstarfi við Stríðsárasafnið á Reyðarfirði með kynningu á stríðssögu Reyðarfjarðar með myndlist.
35. *Tónleikamyndband*. Hljómsveitin Miri í samstarfi við Körnu Sigurðardóttur og Viktor Sebastian.
36. *Gull í tönn*. Leikhópurinn Frjálst Orð setur upp nýtt íslenskt leikverk eftir Ásgeir Hvítaskáld.
37. *Kraftaverk austfirskra kvenna sýna tíma tvenna*. Minjasafn Austurlands setur upp sýningu með handverki valinna kvenna fyrir og nú með það að markmiði að fræða um vinnubrögð við fjölbreyttar hannyrðir.
38. *Sjónræn og listræn hönnun á snjallsíma- og spjaldtölvulausna tengt götukortum og áhugaverðum stöðum*. Hluti af stærra verkefni sem unnið er af fyrirtækinu Sagnabrunnur á Seyðisfirði.
39. *Matseljan Austurland*. Hönnun, myndun og textagerð í matreiðslubók með hræfni og matarmenningu Austurlands í aðalhlutverki. Sigrún Hanna Þórgrímsdóttir Þjóðfræðingur, Ólafur Ágústsson kokkur og Glamour The Concept Boutique.
40. *Augu hreindýrsins*. Vinna við heimildarmynd um hreindýraveiðar og hreindýr á Austurlandi. Kvikmyndafélagið Frjálst Orð
41. *List án landamæra á Fljótsdalshéraði*. Félagsþjónustan á Fljótsdalshéraði tekur þátt í Listahátíðinni List án landamæra og fær til sín listamenn víða að.
42. *Móðurharðindin - kvikmynd í fullri lengd*. Hópur áhugamanna undir stjórn Guðnýjar Rósar Þórhallsdóttur og Steinunnar Friðriksdóttur ætla að vinna kvikmynd með Leikfélagi Fljótsdalshéraðs og nemenda í kvikmyndagerð.
43. *Austfirsk menning í ljósmyndum*. Ljósmyndasýning á fjórum stöðum um Austurland. Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Ljósmyndasafn Austurlands.
44. *Amman og börnin á Minjasafninu DVD*. Mynddiskur með leiksýningunni "Amman og börnin" sem sett hefur verið upp nokkur sumur í Minjasafninu á Burstafelli.
45. *Jazz og klassík renna saman flauta og píanó*. Hugi Þórðarson og Hildur Þórðardóttir flytja Svitlu Claude Polling fyrir flautu og píanó.
46. *Sönglög og aríur úr ýmsum áttum*. Flytjendur eru Daníel Arason, Josef Bela Kiss og Úlfar Trausti Þórðarson.
47. *Jólatónleikar Mahalia Jackson*. Ester Jökulsdóttir ásamt hljómsveit flytur gospel og jólalög Mahaliu Jackson.
48. *Hvalstöðin á Svinaskála -ljósmyndasýning*. Útiljósmyndasýning með myndum frá hvalstöðinni á Svinaskála.
49. *Námskeið og sýning á verkum nemenda Listaháskóla Íslands*. Árleg tveggja vikna námskeið listnema sem lýkur með sýningu. Samstarf Skaftfells, Dieter Roth Akademiunnar, Tækniminjasafns og Listaháskólans.
50. *Forsetaheimsókn í Breiðdalinn - Ljósmyndasýning*. Sýndar verða ljósmyndir, myndskreið og myndbrot úr forsetaheimsóknum í Breiðdal.
51. *Fiskimjölsíðnaður á Íslandi í 100 ár*. Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði stendur fyrir farandsýningu sem sett verður upp í fiskimjölsverksmiðjum sem eru starfræktar í dag.
52. *Kvikmyndafjárjóður á Austurlandi*. Geocahe er alþjóðlegur "fjárjóðsleikur" eða ratleikur sem styðst við GPS-tækni. Unninn af Eysteinn Guðni Guðnason og fleirum.
53. *Á ég að segja þér sögu?* Sagnanámskeið fyrir börn og unglinga. Samstarf UÍA, fyrirtækisins Sagnabrots og sveitarfélaga á Austurlandi.

54. *Portrettónleikar*. Hallvarður Ásgeirsson, tónskáld, stendur fyrir tónleikaröð sem flutt verður í Sláturhúsinu á Egilsstöðum og Skaftfelli á Seyðisfirði.
55. *Rithöfundalestin á Austurlandi 2012*. Samstafsverkefni þar sem fengnir eru valinkunnir rithöfundar til að lesa upp úr bókum sínum á aðventu.
56. *Útilistaverk við Sleðbrjótskirkju*. Uppsetning á útilistaverki hannað af Guðjóni Braga Stefánssyni.
57. Sérstök samstarfs- og þróunarverkefni:  
*Erlent samstarf*. Þróunarverkefni á Vopnafirði og Djúpavogi. Ráðstefnan Creative Communité og fleira.

#### **Eftirtöldum verkefnum voru veittir stofn- og rekstrarstyrkir 2012<sup>57</sup>:**

1. make by Þorpið – Hönnunarsamfélag. ÞNA - MRA – ÞA
2. Lunga Listahátíð ungs fólks Austurlandi. Lunga / Seyðisfjarðakaupstaður
3. Ríkarðssafn á Djúpavogi. Djúpavogshreppur.
4. Rekstur og umsýsla Myndasafns Tryggva Ólafs. Myndlistasafn Tryggva Ólafssonar.
5. Munageymsla Tækniminjasafn Austurlands. Tækniminjasafn Austurlands.
6. Óbyggðasafn Íslands. Eyktarmörk/Steingrímur Karlsson.
7. Stofnkostnaður Sköpunarmiðstöðvarinnar. Sköpunarmiðstöðin svf.
8. Rekstur Kjarvalsstofu og uppsetning sýningar. Kjarvalsstofa sjálfseignarstofnun.
9. Vefsíða-upplýsingagátt, gagnagrunnur. Vopnafjarðarhreppur.
10. Borgarfjörður eystri. Fontar ehf.
11. Varðveisla gamalla hljóðupptaka á Austurlandi. Sagnabrunnur ehf.
12. Skálar miðstöð fyrir hljóðlist og tilraunakennda tónlist. Skálar.
13. Rekstrarkostnaður Sköpunarmiðstöðvarinnar. Sköpunarmiðstöðin svf.
14. Rekstrarstyrkur Listsmiðja Norðfjarðar, Þórsmörk. Listsmiðja Norðfjarðar.
15. Fornverkaskóli á Austurlandi. Hjarðarhagi ehf.
16. Tækni og upplýsingabúnaður. Samtök Eiðavina.
17. Flutningur tónleika á stafrænt form. Tókastaðir og Magnús Magnússon.

#### **Eftirtalin verkefni voru styrkt 2013<sup>58</sup>:**

1. *Dansverkefnið Wilderness*. Sjálfstætt verkefni innan Evrópuverkefnisins KEDJA. Tveggja ára verkefni sem fer fram utan höfuðborga og þéttbýlisstaða í átta löndum Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Tíu danshópar dvelja á tíu stöðum og vinna fullbúin dansverk sem verða síðan tekin til frekari kynningar og sýningar. Miðstöð sviðslista á Austurlandi.
2. *LungA. Listahátíð ungs fólks á Austurlandi*. Hátíðin er haldin árlega í júlí á Seyðisfirði. Mikil áhersla er lögð á að efla áhuga ungs fólks á menningu og listum.
3. *Þjóðleikur, leiklistarhátíð unglínga á Austurlandi*. Þetta er í þriðja sinn sem Þjóðleikur er haldinn á Austurlandi og munu 11 leikhópar sýna, fyrst í heimabyggð á Austurlandi og síðan á sameiginlegri hátíð í apríl á Egilsstöðum.
4. *Fjögur verkefni í Skaftfelli á Seyðisfirði*. Gjörningarsamkoma, A Kassen sumarsýning, sýning til minningar um Dieter Roth og sýning nemenda í Listaháskóla Íslands.
5. *Hljómsveitarnámskeið ungs fólks á Austurlandi*. Ungu fólki gefst tækifæri til að starfa sem hljómsveit og kenna að útsetja lög með einföldum hætti og flytja. Samstarf Brjáns, JEA og Tónlistarmiðstöðvar Austurlands.
6. *Óma Íslandslög*. Tónleikar í samstarfi Kórs Fjarðabyggðar, Tónlistarmiðstöðvar Austurlands og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.
7. *Eistnaflug 2013*. Hátíðin verður nú haldin í níunda sinn og spannar allan skala rokktonlistar, er nú orðin uppskeruhátíð rokkarans og fer fram í Neskaupstað í júlímánuði.
8. *Make Magic Box* er langtíma hönnunarverkefni, bæði farandsýning, hönnunarverkefni og hönnunarviðburður. Verkefnið er afrakstur ráðstefnunnar Make it Happen. Íslenskir og erlendir hönnuðir vinna með handverksfólki og verkstæðum á Austurlandi í anda William Morris.
9. *Löftfimleikanámskeið og sýningar sumarið 2013*. Írski löftfimleikaflokkurinn Fidget Feet heldur námskeið og sýnir tvö ný verk, sem sýnd verða utandyra.
10. *Jólafríður*. Jólátónleikar þar sem gömul og ný jólalög eru flutt í dægurlagaútsetningum með kór, einsöngvurum og stórhljómsveit. Mikil áhersla er á þátttöku tónlistarfólks af Austurlandi og vandaðan flutning. Daniel Arason.

<sup>57</sup> [http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2012/menning\\_uthl\\_stofnrekstur\\_2012.pdf](http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2012/menning_uthl_stofnrekstur_2012.pdf)

<sup>58</sup> [http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2013/menning\\_uthl\\_2013.pdf](http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2013/menning_uthl_2013.pdf)



11. *Listýning í Trjásafninu á Hallormsstað sumarið 2013.* Markmiðið er að vekja athygli á austfirskum listamönnum og gefa þeim kost á að spreyta sig á skóginum. Skógrækt ríkisins.
12. *Jazzhátíð Egilsstaða á Austurlandi sumarið 2013.* Elsta Jazzhátíð landsins mun halda upp á 25 ára afmæli sitt og stefnt er að flottri veislu.
13. *Basic Festival á Stöðvarfirði.* Vinnu- og menningarhátíð sem ætlar að draga saman unga listamenn á Austurlandi til þess að vinna með fyrirtækjum á Stöðvarfirði og ná þannig saman ólíkri þekkingu og reynslu. Viktor Hannesson og fleiri.
14. *Tvísöngur eftir Lukas Kune.* Kynningarefni um útilistaverkið Tvísöng sem sett var upp á Seyðisfirði haustið 2012.
15. *Meet the locals.* Markmið Tanna travel er að þróa vöru undir vörumerkinu Meet the Locals eða hittu heimamanninn.
16. *Tvö verkefni í Make by Þorpið.* Samstarf við Listaháskóla Íslands og árleg hönnunarsýning nýútskrifaðra listnema af Austurlandi.
17. *Kvöldvökur í göngu og gleðivikunni á Fætur í Fjarðabyggð.* Dagskrá með sögum, leiklist, tónlist og upplestri.
18. *Kvikmyndahátíð ungs fólks á Austurlandi.* Markmiðið er að efla áhuga á kvikmyndalist, nýta sér tækni og framþróun sem komið hefur fram í faginu undan farin ár. Samstarf við Stuttmyndahátíðina Stulla og kvikmyndahátíð í Vesterålen í Noregi.
19. *Charpenter að vori og Buxthude um jól flutt af Kammerkór Egilsstaðakirkju.* Markmiðið er að koma verkum höfuðskálda tónbókmenntanna á framfæri við íbúa Austurlands
20. *Tónlist fyrir jökul og rödd.* Flutningur á nýju íslensku tónverki í gestastofum Vatnajökulspjórþógarðs af Erlu Dóru Vogler og Konrad Korabiewski.
21. *Nóttin er ung, nýtt íslenskt samsköpunarleikverk.* Samstarfsverkefni fjögurra listamanna undir stjórn Péturs Ármannssonar leikara og á verkið að fjalla um næturlíf ungs fólks á Austurlandi.
22. *Leiksmiðja Austurlands 2013.* Leiklistarnámskeið fyrir fullorðna á þremur stöðum á Austurlandi sem endar með stuttverkahátíð í janúar 2014. Markmiðið með verkefninu er að stuðla að fagmennsku í leiklistarstarfsemi á Austurlandi og auka tengsl á milli áhugafólks um leiklist á svæðinu.
23. *Fyrsti áfangi III Collective.* Samstarf fjögurra hönnuða, þrígga frá Austurlandi og eins frá Frakklandi. Hönnun á tösku-, skartgripa- og hnifalínu úr leðri, horni og klaufum hreindýra. Sigrún Halla Unnarsdóttir, Thibaut Allgayer, Agla Stefánsdóttir og Garðar Eyjólfsson.
24. *Rímur og rokk samstarfsverkefni á Austurlandi, Norðausturlandi og Norður- Noregi.* Markmiðið er að viðhalda menningararfleifð sem er rímur, ferskeytlur, limrur og þulur. Börnum og unglingum verður kennt af Steindóri Andersen, Hilmari Erni Hilmarssyni og fleirum sem tileinka sér kveðskapinn. Námskeiðið endar með sýningu á nokkrum stöðum. Skipuleggjandi er Sigríður Dóra Sverrisdóttir og fleiri.
25. *Skálar, Hljóð Lista Hátíð.* Fyrsta hátíðin var haldin á síðasta ári og er markmið hátíðarinnar að kynna breitt svið hljóð og tilraunatónlistar.
26. *Hammondhátíð á Djúpavogi.* Meginhlutverk hátíðarinnar sem nú er haldin í áttunda sinn er að kynna hammondorgelið. Er það í forgrunni í lögum flestra þeirra hljómsveita sem taka þátt í hátíðinni.
27. *Bræðslan 2013.* Níunda tónlistarhátíðin, haldin í gamalli bárujárnskemmu á Borgarfirði eystra.
28. *Þrjú verkefni á vegum Menningarnefndar Vopnafjarðarhrepps.* Skáldakvöld og listasmiðjur á hátíðinni Einu sinni á Ágústkvöldi og Skálda og sagnakvöld að sumri. Árleg verkefni sem fela meðal annars í sér að auka aðkomu ungmenna að listviðburðum.
29. *Handritin alla leið heim – Margrétarsaga.* Í tilefni þess að á þessu ári eru liðin 350 ár frá fæðingu Árna Magnússonar handritasafnara og fræðimanns mun Gunnarsstofnun fá „ handrit „ Margrétarsögu til sýningar á Skriðuklaustri.
30. *Með allt á hornum sér.* Dagskrá og sýning um sambúð manna og hreindýra á Austurlandi í Minjasafni Austurlands.
31. *Tónlistarstundir 2013.* Markmiðið er fyrst og fremst að gefa tónlistarmönnum, tónlistarkennurum og langt komnum nemendum í listinni, sem búa á Austurlandi eða eru tengdir svæðinu, tækifæri til að koma fram. Samstarfsverkefni Tónlistarfélags Fljótaldshéraðs, sóknarnefnda og kóra á Héraði.
32. *Sumartónleikar Bláu Kirkjunnar á Seyðisfirði.*
33. *Gospelnámskeið.* Markmiðið er að auka áhuga kórfélaga og efla kórastarf á Austurlandi. Fá fleira ungt fólk til þess að taka þátt í kórastafi og læra af atvinnufólki í tónlist. Tónlistarmiðstöð Austurlands stendur að verkefninu.
34. *Þrjú klassískir Austfirðingar.* Hildur Þórðardóttir þverflauta, Erla Dóra Vogler söngur og Svanur Vilbergsson gítar. Samin verður ný tónlist sem þremmenningarnir munu flytja víða um Austurland og í höfuðborginni.

35. *Tónlistarskemmtun, lög Sigfúsar Halldórssonar og Jóns Múla.* Flytjendur Bjarni Þór Ágústson, Erla Dóra Vogler, Daníel Arason, Jón Hilmar Kárason og Marias Kristjánsson
36. *vegaREIÐI 2013.* Rokktónleikar fyrir ungt fólk þar sem tónlistarfólk á Austurlandi fær tækifæri til að reyna sig með „professional“ umhverfi og aðbúnaði. Haldið í áttunda sinn.
37. *SYLVIA/LOVAUST.* Myndlistarsýning, staðbundið verkefni með Stríðsárasafninu á Reyðarfirði unnið af Silvíu Dögg Halldórsdóttur.
38. *NS-12 er hljóð- og myndbandsverk eftir myndlistarmanninn Kristján Loðmfjörð og tónskáldið Konrad Korabiewski.* Dregin verður upp svipmynd af skuttogaranum Gullveri frá Seyðisfirði, lengd verksins er ein klukkustund. Lortur framleiðslufélag ehf.
39. *Skapandi starfsemi á Seyðisfirði.* Upplýsingargrunnur og kort um skapandi starfsemi á Seyðisfirði sem er fyrsta skrefið til að taka saman upplýsingar um skapandi starfsemi á Austurlandi unnið af Skæri Steinn Blað.
40. *Litla ljóðahátíðin í Norðausturríki.* Samstarf Litlu ljóðahátíðarinnar í Eyjafirði, Litlu ljóða hámerinnar og Ljóðaklúbbsins Hási kisi.
41. *Velkomin heim! Tengsl Austurlands og Vesturheims.* Samstarf milli Austurfara- og vesturfaramiðstöðvar Austurlands á Vopnafirði með því að efla þekkingu á Vesturförum og efla tengingu þeirra við Austurland.
42. *Hver er Hans Jónatan?* Handrit af heimildarmynd fyrir sjónvarp um Hans Jónatan verslunarmann á Djúpavogi og síðar bónda snemma á 19. Öld. Hann var fyrsti litaði maðurinn Austurlandi. Unnið af Valdimar Leifssyni og fleirum.
43. *Strýta. Stuttmynd eftir Sigurð Má Davíðsson*
44. *Áfram veginn. Stuttmynd eftir Garðar Bachmann Þórðarson.*
45. *Valaskjálfr 65-75.* Tónleikar þar sem flutt verða lög þeirra hljómsveita sem spiluðu í Valaskjálfr frá upphafi og til ársins 1975 undir stjórn Hafþórs Vals Guðjónssonar.
46. *Desperate silence installation concert exhibition – FUR.* Björt Sigfinnsdóttir. Verkefnið er bæði listasýning og tónleikar þar sem kynnt er efni sólóplötu Bjartar.
47. *Vöðlavík. Veröldin sem var, er og verður tónverk.* Tilgangur verkefnisins er að afla heimilda og sýna Vöðlavík í nýju ljósi, þennan annars merka útkjálka Íslands. Blanda saman sveit fortíðar og tónlist framtíðar og flétta í myndbandsverk. Þorvaldur Örn Davíðsson og Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir.
48. *Gjörningasumar Jónasar Sig. á Borgarfirði.* Í umsjá Ungmennafélags Borgarfjarðar.
49. *Sjónræn upplifun.* Good Moon Deer er hljómsveit sem semur tilraunakennda raftónlist og er ætlunin að gefa út efnið bæði í hljóði og mynd. Ívar Pétur Kjartansson og Guðmundur Ingi Úlfarsson vinna verkið og koma þar saman tónlistamaður og grafískur hönnuður.
50. *Sönglög og ariur úr ýmsum áttum.* Flutt af Úlfari Trausta Þórðarsyni, Daníel Arasyni og Jozsef Bella Kiss.
51. *Tónlistarsumarbúðir á Eiðum sumarið 2013.* Þar verður unnið með tónlist, sköpun og útivist. Umsjón Sunsjana Slamning.
52. *Árstíðirnar. Listasmiðja Lóa á List án Landamæra.* Ólöf Björk Bragadóttir( Lóa ) stendur fyrir námskeiði þar sem málverkið og tvívíð myndsköpun verður í aðalhlutverki. Námskeiðið er opið öllum og afrakstur sýndur á hátíðinni List án Landamæra.
53. *Djúpivogur í poka.* Þorbjörg Sandholt ætlar að hanna og smíða minjagrip sem eru ýmis kennileiti á og við Djúpavog úr efnivið af svæðinu.
54. *Hönnun og samfélag, verðmætasköpun á Austurlandi.* Þórunn Árnadóttir og fyrirtækið Glamour Et Cetera ætla að kanna og kortleggja tækjabúnað, efnivið, verkþekkingu og framleiðslugetu á Austurlandi. Markmiðið er að þannig verði auðveldara að hanna og framleiða vöru með sem minnstum tilfæringum og fjárfestingum.
55. *Smiðjuhátíð 2013.* Á hátíðinni eru námskeið þar sem hefðbundið og nútímalegt handverk er kennt á faglegan hátt. Með það að megin markmiði að efla áhuga á gömlu handverki.
56. *Tvö verkefni: Hvernig er að búa í torfbæ á Burstafelli og Amman og börnin á Burstafelli.*
57. *Útgáfa þrettánda ljóðabókar í bókaröðinni Austfirsk ljóðskáld.* Félag ljóðaunnenda á Austurlandi.
58. *Snjallsímaleiðsögn um Hróarstungu á Fljótsdalshéraði.* Unnið af Félagi áhugamanna um Hrafnkelssögu og sögutengda ferðþjónustu á Héraði.
59. *Baskó.* Handrit af kvikmynd í fullri lengd eftir Jónas Reynir Gunnarsson.
60. *Uppsetning sýningar á samgöngu- og vélasafni Vopnfirðinga.* Samstarf Hróbjarts Lútherssonar og Gísla Sigmarssonar.
61. *Gamli bærinn mannlíf og umhverfi.* Ljósmyndasýning á vegum Sjóminjasafnsins á Eskifirði.
62. *Jass og klassik rennur saman í eitt.* Svíta Claude Bolling fyrir flautu og píanó flutt af Huga Þórðarsyni og Hildi Þórðardóttur.

63. *Það er líf í skóginum*. Uppsetning á leikriti í Selskógi sumarið 2013 ætlað unglingum á aldrinum 12-18 ára í umsjá Leikfélags Fljótsdalshéraðs.
64. *Við erum Make-samfélag, SAM 2013*. Sýning meðlima SAM-félagins og er tilgangurinn að endurspeglar fjölbreytni og sköpunargleði félagsmanna og vekja áhuga íslensks samfélags á félaginu og starfsemi þess.
65. *Ríff. Alþjóðleg kvikmyndahátíð á Austurlandi*. Sýningar verða á Seyðisfirði, Djúpavogi og Egilsstöðum, sýndar verða myndir frá öllum heimshornum.
66. *Menningarnótt á Fjöllum 2013 - Möðrudalsgleði*. „Hundrað manna“ útitónleikar í tónleikasal öræfanna.
67. *Listsmiðja á æskulýðsmóti kirkjunnar á Austurlandi*. Áhersla er á listræna tjáningu og sköpun.
68. *Útilistaverk við Sleðbrjótskirkju*.

#### **Eftirtöldum verkefnum voru veittir stofn- og rekstrarstyrkir 2013<sup>59</sup>:**

- |   |   |
|---|---|
| 1. LungA - Listahátíð ungs fólks á Austurlandi.   | LungA.                                    |
| 2. Sýning Franska safnsins á Fáskrúðsfirði.       | Safnastofnun Fjarðabyggðar.               |
| 3. Ríkharðshús á Djúpavogi.                       | Djúpavogshreppur.                         |
| 4. Kaup á hljóðkerfi.                             | Kirkju og Menningarmiðstöð Fjarðabyggðar. |
| 5. Óbyggðasafn.                                   | Óbyggðasafn Íslands ehf.                  |
| 6. Nýtt Þorp verður til - stefnumótun, vörupróun. | Make by Þorpið                            |
| 7. Stofnkostnaður, vatnslagnir, rúður, rafkerfi.  | Sköpunarmiðstöðin svf.                    |
| 8. Fræðslufulltrúi, 50% starf.                    | Skaftfell.                                |
| 9. Anddyri Austurlands.                           | Hús Handanna.                             |
| 10. Sýning.                                       | Kjarvalsstofa Sjálfseignarstofnun.        |
| 11. Make workshop: Hönnunarnámsk.á Austurlandi.   | Make by Þorpið.                           |
| 12. Kaup á Professional dansdúk.                  | MMF Sviðslistamiðstöð Austurlands         |
| 13. Þórsmörk.                                     | Listasmiðja Norðfjarðar.                  |
| 14. Þryndís art-handicraft.                       | Fontar.                                   |

<sup>59</sup> [http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2013/menning\\_uthl\\_stofnrekstur\\_2013.pdf](http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2013/menning_uthl_stofnrekstur_2013.pdf)